

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



TAL
GERÐU OKKUR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
11. apríl 2011
84. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

BEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

Metur styrk ríkisstjórnarinnar

Ríkisstjórnin verður hugsanlega styrkt að sögn Jóhannu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Hún hefur áhyggjur af afleiðingum synjunar þjóðarinnar á Icesave-samningnum á laugardag. Afstaða Svía talin skipta miklu um hnökralaust framhald AGS-áætlunarinnar.

ICESAVE Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að innan fárra daga eða vikna verði metið hvort ríkisstjórnin hafi nægilegan þingstyrk til að koma í gegn mikilvægum málum. Svo kunni að fara að reynt verði að styrkja stjórnina.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Það er mikilvægt að ríkisstjórnin hafi traustan þingmeirihluta á bak við sig og það mun koma í ljós hvort svo sé þegar við förum að vinna úr þeim stóru verkefnum sem við þurfum að takast á við á næstunni,“ sagði Jóhanna í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Verkefni eru innanlands og utan. „Það þarf að tala máli Íslands á erlendum vettvangi og hér innanlands stöndum við í þessum stóru verkefnum sem við vorum kosin til eins og breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu og ESB-ferlinu. Það er mjög mikilvægt að reyna að sameina þjóðina og fylkja henni að baki því sem þarf að gera til að endurreisa Ísland.“

Jóhanna kveðst hafa verulegar áhyggjur af áhrifum höfnunar á Icesave-lögnum á kjaraviðræðum. „Við þurfum að sjá hvort þetta hafi orðið til þess að aðilar vilja einungis semja til skamms tíma.“ Fundað verði með aðilum vinnu- markaðarins í dag eða á morgun og þá muni stærð viðfangsefnisins skýrast.

„Þegar við erum búin að kortleggja þessi viðfangsefni öll sem við þurfum að fara í þá verðum við að meta hvort við höfum fyrir þeim meirihluta og ef ekki gæti komið til endurmats á ríkisstjórninni; að við með einhverjum hætti reynum að styrkja stjórnina. En það verður bara að koma í ljós.“

Jóhanna segir að þetta muni skýrast fljótlega en vill ekki ræða þessar hugleiðingar frekar. - bps



FORSETINN HORFIR FRAM Á VEGINN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gagnrýndi forsvarsmenn atvinnulífsins fyrir bölsýni á blaðamannafundi á Bessastöðum í gær. Hann hvatti þá til þess að segja unga fólkinu í landinu og þjóðinni frá allri þeirri uppbyggingu sem væri í íslensku atvinnulífi en ekki tala það sífellt niður.

FRÉTTABLAÐIÐ/WILHELM

► Forsetinn sendir forsvarsmönnum atvinnulífsins tóninn

Ólíklegt er að ákvörðun meirihluta kjósenda, sem felldi Icesave-samningana í þjóðaratkvæðagreiðslu á laugardag, hafi neikvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf, að mati Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. Hann segir þrotabú gamla Landsbankans afar sterkt. Stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi fái rúmlega þúsund milljarða króna greiðslu vegna Icesave-reikninganna úr búinu og sé ólíklegt að þau setji stein í götu íslenskra stjórnvalda á aðildarviðræðum við Evrópusambandið.


„Ég óttast ekki á neinn hátt að þessi úrslit muni hafa neikvæð áhrif á fjármagnsstreymi til Íslands. Ef okkur tekst að koma því til skila á alþjóðlegum vettvangi að Bretar og Hollendingar eru með öruggt í hendi sjö til níu milljarða Bandaríkjadala úr þrotabúinu þá lítur málstaður Íslands

öðruvísi út en reynt hefur verið að halda fram bæði hér og erlendis,“ sagði forsetinn og gagnrýndi harkalega forystumenn atvinnulífsins fyrir að tala það niður. „Ég segi af fullri alvöru: Hættið að tala niður íslenskt atvinnulíf. Farið að segja unga fólkinu í landinu og þjóðinni frá allri uppbyggingu sem er í íslensku atvinnulífi.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir gagnrýni forsetans ómaklega. „Við höfum ekki verið með neinar hörmungarspár heldur talað um það sem skiptir máli. Við höfum þvert á móti talað atvinnulífið upp og reynt að skapa trúverðugar væntingar svo fjárfestingar sem nú eru í algjöru lágmarki verði meiri.“

- jab / sjá síður 4, 6 og 8

ICESAVE-SAMNINGUNUM HAFNAÐ AF ÞJÓÐINNI



Auð og ógild: 4890 atkvæði
Á kjörskrá: 232.422
Kjörsókn: 75,3%

Úrslit atkvæðagreiðslunnar

Niðurstaðan úr þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave-málið var afgerandi. Rétt tæp sextíu prósent þátttakenda völdu að hafna samningnum.

SÍÐA 4

Afstaða Svía ræður miklu

Stjórnvöld reyna að koma í veg fyrir að neikvæð áhrif verði á efnahagsáætlun Íslands. Miklu ræður að Svíar taki tillit til breyttra aðstæðna. Aðrir muni þá fylgja í kjölfarið.

SÍÐA 8

Málið hverfur ef við borgum

Málarekstri um Icesave er sjálfhætt ef Íslendingar sannfæra EFTA um að þeir muni bæta Bretum og Hollendingum lágmarks- tryggingu inn- stæðueigenda. Þetta segir Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA.

SÍÐA 4



Betra brauð með sápunni!

Guðfríði Lilju Grétarsdóttur velt úr stóli þingflokksformanns VG á fyrsta fundi:

Lá á að koma Guðfríði frá

STJÓRNMÁL Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var felld úr embætti þingflokksformanns Vinstri grænna á fundi í gær. Árni Þór Sigurðsson, sem hefur gegnt embættinu á meðan Guðfríður Lilja var í fæðingarorlofi, var kosinn í hennar stað. Hún sneri til baka úr orlofinu í gær.

Guðfríður Lilja sagðist í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi ekki hafa átt von á þessu á sínum

fyrsta þingflokksfundum eftir orlofið. „Kona fer úr stöðu sinni í fæðingarorlof, heldur henni meðan hún er í orlofi og gengur í hana þegar hún kemur aftur.“ Einhverra hluta vegna hafi legið á að koma henni frá.

Aldrei hefur verið kosið á milli þingmanna í embætti þingflokksformanns heldur hefur verið sjálfkjörið.

Guðfríður segist ekki hafa tekið

ákvörðun um neitt annað en að halda áfram í þingflokki VG.

„Ég er oddviti VG í fjölmennasta kjördæmi landsins, ég var kosin út á stefnumál sem mér eru mjög nær eins og umhverfismál, jafnréttismál, að standa með fólki en ekki fjármagni og svo framvegis og ég ætla að halda áfram að berjast fyrir þeim á þingi eins og hef gert hingað til.“

- þeb

Tarkett viðarparket
Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 3.990 m²

ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Lactoghurt
daily
Einstök blanda mjólkursýrugerla



Með daglegri inntöku mjólkursýrugerla getur þú stuðlað að bættri þarmflóru, jafnað ástand meltingarinnar og komið á jafnvægi.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag. Lactoghurt fæst í apótekum.



Ingimar, hélstu að þú hefðir verið plataður?

„Já, klárlega. Þess vegna kom þetta skemmtilega á óvart.“

Ingimar Bjarni Sverrisson, nemi við Menntaskólann við Hamrahlíð, lét rapparann Ghostface Killah hafa geislaþlötú til áritunar en sá hana svo ekki meir, fyrr en aðstandendur tónleikanna höfðu uppi á honum í gegnum Fréttablaðið.

Kennari við FVA sendur í leyfi:

Grunaðir um vændis kaup af ólögráða dreng

LÖGREGLUMÁL Tveir menn eru grunaðir um að hafa greitt dreng yngri en fimmtán ára fyrir kynlíf. Annar mannanna er kennari við Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi og hefur verið sendur í ótímabundið leyfi vegna málsins.

Nemendum og starfsfólki skólans var greint frá því í síðustu viku að kennarinn hefði verið sendur í leyfi vegna vændis kaupa.

Nú hefur komið í ljós að annar maður er einnig grunaður um að greiða fyrir kynlíf með sama dreng, að því er RÚV greindi frá á laugardag. Málin tengjast að öðru leyti ekki. Brot mannanna varða allt að sextán ára fangelsi.

- sm

Flóðasvæðin heimsótt:

Kan lofar aukinni aðstoð

TÓKÝÓ, AP Forsætisráðherra Japans, Naoto Kan, heimsótti í gær íbúa á flóðasvæðinu í suðurhluta landsins.

Forsætisráðherrann lofaði meðal annars íbúum borgarinnar Ishinomaki aukinni aðstoð en um sautján þúsund manns eru enn heimilislausir í borginni. „Ríkisstjórnin mun gera allt sem í hennar valdi er til að aðstoða ykkur,“ sagði forsætisráðherrann.

Talið er að um 25 þúsund manns hafi látist í flóðbylgjunni og hafa björgunarsveitir aðeins fundið lík um þrettán þúsund manna.

- sm

SLYS

Einn lést í bílveltu

Ökumaður lést í bílveltu í Langadal á Möðrudalsöræfum snemma í gærmorgun. Tveir voru í bílnum og sá sem lifði slysið af gerði lögreglu viðvart. Lögreglan á Egilsstöðum segir að ekki liggi fyrir hvers vegna bíllinn valt.

Björgunarsveitir þurftu að hjálpa fjölda manns í hávaðaroki sem gekk yfir landið úr suðri:

Á annað þúsund manns beið í flugvélum

VEDUR Mjög kröpp lægð kom að suðvestanverðu landinu eftir hádegi í gær og gekk norður yfir fram eftir degi. Kalla þurfti út björgunarsveitir á suðvesturhorni landsins og sinntu þær um fjögur hundruð beiðnum.

Slíkar voru hamfarirnar að nokkurra klukkustunda tafir urðu á millilandaflugi í Keflavík. Meðalvindur við Leifstöð fór í 30 metra á sekúndu á milli klukkan fjögur og fimm en yfir 40 metra á sekúndu í verstu hviðunum. Um kaffileytið biðu þar tíu flugvélar á vellinum með á annað þúsund farþega sem komust hvergi.

Þá varð röskun á bílasamgöngum. Borgarfjarðarbrúnni var meðal annars lokað þegar grjótt gekk yfir hana og skemmdi bíla sem yfir

hana óku. Þar var björgunarsveit kölluð út til að hjálpa íbúum og vegfarendum. Framhaldsskólinn var opnaður fyrir ferðalanga meðan versta veðrið gekk yfir.

Veðrið gekk hratt norður yfir landið síðdegis. Brattabrekka, Holtavörðuheidi og Steingrímsfjarðarheiði voru lokaðar vegna veðurs. Þar fór vindur í rúma 42 metra á sekúndu í verstu hviðunum. Undir kvöld í gær var veður verst Skagafirði og við Húnaflóa. Helmingaskipti voru á veurfari því allhvasst eða hvasst var á sama tíma á Austurlandi, samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni.

Spád er útsýnningi og suðvestanstrekkingi í dag og á morgun með slyduéljum á öllu landinu nema norðaustan til.

- jab



BJÖRGUNARSVEIT KÖLLUÐ ÚT Tré rifnaði upp með rötum við Túngötu 6 þar sem eitt sinn voru höfuðstöðvar Baugs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reyndu að svíkja út 16,2 milljónir í síma

Alþjóðleg svikamylla reyndi að svíkja út 16,2 milljónir króna af Íslendingi. Beitan var atvinnuleyfi í Bandaríkjunum. Auglýsir á Facebook og er með símaþjónustu allan sólarhringinn. Vel þekkt svindl, segir bandaríska sendiráðið.

LÖGREGLUMÁL Alþjóðleg svikamylla, The USAFIS Organization, reyndi að svíkja út hundruð þúsund evrur, eða um 16,2 milljónir króna, af Íslendingi í vikunni. Fyrirtækið lofaði mannum íhlutun í happdrætti, The Diversity Visa Lottery Program (DVLP), þar sem sagðir eru góðir möguleikar á því að vinna Græna kortið, atvinnuleyfi í Bandaríkjunum.

Maðurinn sá það sem virtist fyrst vera íslensk auglýsing á Facebook, þar sem greint var frá happdrættinu. Hann skráði þar nafn sitt og símanúmer til þess að komast í pottinn. Sex klukkutímum síðar var hringt í hann úr bandarísku símanúmeri og honum greint frá að hann væri kominn í pottinn og þyrfti einungis að gefa upp kreditkortanúmer til þess að haldast þar. Afar góðar líkur væru á vinningi. Eftir að maðurinn gaf upp númerið á kreditkortinu sínu, sem er fyrirframgreitt, fékk hann bakþanka og hringdi í kortafyrirtækið sitt til þess að athuga síðustu færslur. Í ljós kom að 17 færslur höfðu verið reyndar frá svindlurunum, sú fyrsta nam 100 þúsundum evra og sú síðasta 30 evrum. Hann lét loka kortinu samstundis.

Fríðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar, segir ekki algengt að mál sem þessi rati inn á borð lögreglu hér á landi. Einhver dæmi séu þó um það, en hann telur algengara að fólk afgreiði málin sjálft í gegnum kortafyrirtæki sín.

„Málin verða alltaf snúnari þegar þau fara yfir landamærin,“ segir Fríðrik Smári. „Það borgar sig að fara varlega í gylliboðum



CENTRAL PARK Í NEW YORK Alls fengu 26 Íslendingar atvinnuleyfi í Bandaríkjunum á síðasta ári í gegnum hið raunverulega Diversity Visa Lottery Program á vegum bandarískra stjórnvalda.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sögðu ábyrgðina felast í góðri þjónustu

Fréttablaðið leitaði upplýsinga hjá svikamyllunni. Blaðamaður var beðinn um nafn, símanúmer, menntun, tölvupóst, hjúskaparstöðu og síðast kreditkortanúmer til þess að komast í pottinn til að fá Græna kortið. Þegar farið var fram á einhvers konar tryggingu við fyrirtækið fyrir því að kortið yrði ekki misnotað var eina svarið að þetta væri afar virðulegt fyrirtæki, sem sannaðist af þjónustu við viðskiptavinum allan sólarhringinn. Þegar blaðamaður lét það ekki nægja upphófst mikið nauð af hálfu þjónustufulltrúans, sem endaði með því að blaðamaður þakkaði fyrir og kvaddi.

sem þessum. Það er oft lögð mikil vinna í svona nokkuð af hálfu svindlaranna. Ef vel tekst til getur þetta gefið vel í aðra hönd.“

Laura J. Gritz, talsmaður sendiráðs Bandaríkjanna, segir bandarísk stjórnvöld efna til DVLP árlega sem geri um 55.000 manns kleift að flytja lögregla til landsins.

„Við komumst nýlega að því að svindl af þessu tagi hefði aukist mikið,“ segir Gritz. „Við brugðumst við því með því að birta svindlviðvörðun á heimasíðunni okkar.“ Þá bendir hún á að allt sem hafi með bandarísk stjórnvöld að gera á netinu endi á „gov“.

sunna@frettabladid.is

Mubarak tjáir sig í fyrsta sinn:

Neitar öllum ásökunum

KAÍRÓ, AP Hosni Mubarak, fyrrverandi forseti Egyptalands, þvertækur fyrir að hann hafi misnotað vald sitt til þess að auðgast. Þetta kom fram í ræðu hans á sjónvarpsstöðinni al-Arabiya á laugardaginn.

Þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem Mubarak tjáir sig opinberlega eftir að hann var hrakinn frá völdum eftir mikil mótmæli.

„Óréttlátar og falskar ásakanir gegn mér og fjölskyldu minni hafa sært mig mikið. Þær hafa svert orðspör mitt og pólitískan feril minn,“ var á meðal þess sem Mubarak sagði í ræðu sinni.

HOSNI MUBARAK

Afríkubandalag miðlar málum:

Samþykkti vopnahlé í Líbíu

LÍBÍ Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, segir að líbíska ríkisstjórnin hafi fallist á friðarættun Afríkubandalagsins. Zuma og þrír aðrir leiðtogar Afríkurríkja funduðu með Gaddafi í Trípolí í gær. Þeir fóru svo til Benghazi í gærkvöldi og ætla að ræða við leiðtoga uppreisnarmanna þar.

Ættun Afríkubandalagsins kveður á um vopnahlé, að stjórnvöld opni fyrir neyðarástæðu og að viðræður hefjist milli stjórnarinnar og uppreisnarmanna.

- þeb

LÖGREGLUFRETTIR

Fjórir handteknir á Selfossi

Hóplagsmál brutust út við skemmtistaðinn Hvíta húsið á Selfossi aðfaranótt sunnudags. Einn úlniðsbrotnaði og fjórir voru handteknir. Málsvik eru óljós en yfirheyrslu lauk í gærkvöldi.

Sex létust þegar óður byssumaður skaut á fólk í verslunarmiðstöð í Hollandi:

Fórnarlambanna minnst í gær

AMSTERDAM, AP Minningarathafnir voru haldnar víða í Hollandi í gær til að minnast fórnarlamba skotárásar sem átti sér stað í bænum Alphen aan den Rijn á laugardag. Árásarmaðurinn, Tristan van der Vlis, lét skotum rigna yfir fólk sem státt var inni í verslunarmiðstöð í bænum með þeim afleiðingum að sex létu lífið og sautján slösuðust alvarlega, þar af tvö börn.

Að sögn sjónarvotta var van der Vlis íklæddur svörtum jakka og hermannaþúsum en hann gekk inn í verslunarmiðstöðina og hóf skothrífina. Að árásinni lokinni svipti van der Vlis sig lífi. Skjöl sem fundust í tölvu van der Vlis gefa engar vísbendingar um ástæðu árásarinnar en ljóst er að hann hafði verið í sjálfsvígshugleiðingum. „Þetta er sorglegur atburður og því miður virðist árásin hafa verið gerð að tilefnislausu,“ var haft eftir Kitty Nooy, skipuðum saksóknara í málinu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem árás sem þessi á sér stað í Hollandi. Árið 2009 létu átta manns lífið en maður ók bifreið sinni inn í hóp manna er fylgdust með konunglegri skrudgöngu.

- sm



MINNING Íbúar í bænum Alphen aan den Rijn í Hollandi lögðu blóm á vettvangi skotárásar þar sem sex létust.

NORDICPHOTOS/AFP

NÝTT
Liffræn barnamjólk
Við liffrænt

HiPP ORGANIC
organi growing
1234
from 12 months onwards

HiPP ORGANIC
organic growing up milk
234
from 12 months onwards

hipp.is fyrir 12 mánaða og eldri

NOVA

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

iPhone 4

Stundum eru orð of fátækleg til að lýsa upplifuninni.



3.000 kr.
símnotkun á
mánuði í 12
mán. fylgir
iPhone 4
hjá Nova!

7.990 kr./18 mán.

iPhone 4 16 GB

**3.000 kr. notkun á mán.
í 12 mánuði fylgir!**

139.990 kr. stgr.

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

3.000 kr. símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er óþýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

DAÐUR & STEIN

Icesave-samningnum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu



NÆGUR GJALDEYRISFORÐI Steingrímur J. Sigfússon sagði að Ísland mundi ekki lenda í vandræðum með afborganir á erlendum skuldum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki forsenda til að lækka láns hæfismat

Vonast er til að byrjað verði að greiða Bretum og Hollendingum úr búi Landsbankans í sumar. Fara þarf yfir forsendur efnahags- og ríkisfjármála. Ríkisjóður getur staðið við erlendar skuldbindingar.

ICESAVE Ekki eru efnislegar forsendur til að láns hæfismat ríkissjóðs verði lækkað þrátt fyrir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave.

Þetta er mat Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra. Hann segir að koma verði í ljós hvað alþjóðlegir lánveitendur aðhafist í kjölfar niðurstöðunnar. Áminningarbréfi Eftirlitsstofnunar EFTA verði svarað sem fyrst og málstað Íslands haldið kröftuglega á lofti.

„Þetta hefur sinn gang og nú er verkefnið að verja hagsmuni Íslands eins vel og mögulegt er og reyna að fá dómsniðurstöðu flýtt eins og kostur er. Öllu máli skiptir að við verjumst sem best og nýtum þau sóknarfæri sem eru til staðar,“ segir Árni Páll.

Svarbréfið er í vinnslu og næstu skref verða ákveðin í samráði við forseta Eftirlitsstofnunar EFTA.

Árni Páll telur ekki tímabært að segja til um líkur þess að Bretar og Hollendingar höfðu skaðabótamál gegn íslenska ríkinu. „Við skulum bíða og sjá, nú er að halda fram okkar rökum fyrir því að okkur beri ekki skylda til að greiða og ég tel okkur hafa ágæt rök í því máli.“

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar kalli á visst endurmat á forsendum ríkisfjármála- og efnahagsmála.








Árni Páll segir að í því felist að metið verði hvort endurskoða þurfi áætlanir ríkisstjórnarinnar. „Við teljum að þetta eigi ekki að hafa neikvæð áhrif á forsendurnar því málið snýst um afmarkaðan ágreining um greiðsluskyldu en ekki annað.“

Á blaðamannafundi í gærmorgun lagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ríka áherslu á að niðurstaðan feli ekki í sér að Ísland muni lenda í erfiðleikum með afborganir af erlendum skuldum. Gjalddeyrissforðinn nægi fyrir afborgunum á næstu árum.

Hann lagði jafnframt áherslu á að væntingar standi til þess að útgreiðslur úr búi Landsbankans geti hafist í sumar. Þá fá Bretar og Hollendingar greitt upp í kröfur sínar.

Í yfirlýsingu stjórnarinnar segir að mikilvægt sé að eyða, eins og kostur sé, þeirri óvissu sem niðurstaðan óhjákvæmilega skapi. Ríkisstjórnin muni eiga viðræður um stöðuna við formenn stjórnarandstöðuflokkanna, samtök launafólks og atvinnurekenda vegna kjaraviðræðna og vinna náði með Seðlabankanum. Einnig verði viðræður við Alþjóðagjaldveyrissjóðinn, og samstarfsþjóðirnar, hin Norðurlöndin og Pólland, til að freista þess að tryggja hnökralausa framvindu efnahagsáætlunarinnar. bjorn@frettabladid.is

Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunar



Rétt tæp sextíu prósent þeirra sem þátt tóku í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag völdu að hafna Icesave-samningnum við Breta og Hollendinga. Þetta er nokkuð meira afgerandi afstaða en kannanir gerðu ráð fyrir.

Langmest var andstaðan við samninginn í Suðurlkjördæmi, en þar sögðu nær 73 prósent nei. Næst kom Norðvesturkjördæmi, með 65 prósent andstöðu.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins voru áberandi jákvæðari í garð samningsins en landsbyggðarfolk, þótt í öllum þremur höfuðborgarkjördæmunum hafi fleiri sagt nei en já. Flestir voru stuðningsmenn samningsins í Reykjavíkurborg norður, eða 53,3 prósent.

Kjörsókn var 75,3 prósent á landinu öllu, samanborið við um 66 prósent kjörsókn í Icesave-atkvæðagreiðslunni á síðasta ári.

Heimild: Landskjörstjórn

Greiði stjórnvöld Bretum og Hollendingum fellur málarekstur EFTA niður:

Greiðslurnar eru lykillinn

ICESAVE „Við gerum ráð fyrir að íslensk stjórnvöld svari áminningarbréfi okkar frá í fyrra. Ef þau sannfæra okkur um að Bretar og Hollendingar fái lágmarkstryggingu greidda er málarekstri sjálfhætt,“ að sögn Per Sanderud, forseta Eftirlitsstofnar EFTA, ESA.

ESA sendi stjórnvöldum bréf í maí í fyrra þar sem fram kemur að stofnunin telji ótvíræða skyldu stjórnvalda hér að þau ábyrgist innstæður breskra og hollenskra sparifjäreigenda á Icesave-reikningum gamla Landsbankans. Innstæðutryggingin kvað á um ríflega tuttugu þúsund evrur að lágmarki.

Líkur hafa verið taldar á því að felli meirihluti kjósenda Icesave-samninginn eins og raunin varð

myndi málið fara fyrir EFTA-dómsstólinn. Meiri líkur en minni yrðu á að það myndi tapast.

Fyrstu skrefin í málarekstri EFTA gegn stjórnvöldum hér var bréf ESA í fyrra. Málareksturinn var settur í biðstöðu fram yfir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Sætti ESA sig hins vegar ekki við þau rök sem sett eru fram í svarbréfi stjórnvalda muni verða gefið út rökstutt álit og málinu vísað til EFTA-dómstólsins.

„Við höfum sagt það frá fyrsta degi að verði fjármagnseigendur greidd innstæðutryggingin munum við fella málið niður. Það er lykillinn. Það skiptir ekki máli hvort eignir þrotabús gamla Landsbankans duga til eða ekki,“ segir Sanderud. -jab



PER SANDERUD Ekki skiptir máli hvernig breskum og hollenskum innstæðueigendum verður greitt. Ætli stjórnvöld að greiða verður málarekstur EFTA gegn ríkinu felldur niður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TASKI vélar á kynningarverði

TASKI by Diversey

Nýr sölu- og þjónustuaðili á Íslandi

Öflug viðgerða- og varahlutabjónusta

Sími 510 1200
www.tandur.is

TANDUR - Þegar hreinlæti skiptir máli

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

S-LÆG ÁTT Útlit er fyrir suðlægjar áttir næstu vikuna. Því verða litlar breytingar á veðri hjá okkur. Áfram verður vætusamt með köflum sunnan og vestan til en spáin er betri fyrir NA-hornið. Þar verður áfram úrkomulítið og sú gula gæti látið sjá sig, einkum á morgun.

Á MORGUN 5-10 m/s, en hvarrasa syðst. MÍÐVIKUDAGUR 6-15 m/s, hvassast SA-til.

HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	24°
Berlín	20°
Billund	15°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	20°
London	20°
Mallorca	21°
New York	24°
Orlando	32°
Ósló	16°
París	21°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	13°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

The VIB logo is displayed in white lowercase letters on a red rectangular background in the top left corner.

HVITA_HUB/ISA_11-0402

Hann spáði hruni – hvað segir hann um endurreisnina?

Bein útsending á www.vib.is
frá fundi með Lars Christensen,
forstöðumanni greiningar-
deildar Danske Bank

Áskoranir og tækifæri Íslands

Skýrsla Danske Bank um
íslenskt efnahagslíf árið 2006
varaði við slæmum horfum.
Skýrslan vakti mikla athygli
og hörð viðbrögð hér á landi.



Á fundinum mun Lars kynna nýja greiningu Danske Bank á
íslensku efnahagslífi, þá fyrstu sem bankinn gerir í fjögur ár.
Skýrslan verður birt á sama tíma og fundur VÍB er haldinn og
er hún því kynnt fyrst hér á landi.



Bein útsending á morgun
þriðjudaginn 12. apríl
kl. 8.30 – 10.00
á www.vib.is.

Markmið fræðslufunda VÍB er að stuðla að upplýstri og faglegri umræðu um mikilvæg
mál á sviði eignastýringar, viðskipta og efnahagsmála.

Icesave-samningnum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu



Fimmta endurskoðun efnahagsáætlunarinnar AGS:

Staðan endurmetin

Franek Rozwadowski, fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi, segir óvíst hvaða áhrif niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar muni hafa á íslenskt efnahagslíf.

„Á þessum tímapunkti hef ég ekki mikið um það mál að segja vegna þess að við höfum ekki lokið við greiningu á því atriði. Þessi áhrif munu velta á viðbrögðum fjárfesta og markaðarins,“ segir Rozwadowski. „Efnahagsáætlun stjórnvalda er á áætlun og núna reiknum við með því að ólíklegt sé að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar stefni í hættu efnahagslegum eða fjármálalegum stöðugleika á Íslandi, vegna þess að efnahagsáætlunin var í réttum farvegi,“ segir Rozwadowski.

Rozwadowski segir að fram undan sé fimmta endurskoðun efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Rætt hafi verið um að ljúka þeirri vinnu eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna vegna þess að niðurstöður hennar myndu hafa áhrif á endurskoðunina, til að mynda varðandi afnám gjaldeyrishafta.



FRANEK ROZWADOWSKI Telur ólíklegt að efnahagslegur stöðugleiki sé í hættu.

Aðspurður ítrekar Rozwadowski fyrri fullyrðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að Icesave-samningurinn hafi aldrei verið skilyrði fyrir samningi um efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda. „Við höfum lagt á þetta áherslu frá upphafi og þannig er það enn þá,“ segir Rozwadowski. Hins vegar sé það líka sjónarmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að lausn deilunnar sé mikilvæg fyrir endurreisni íslensks efnahagslífs. Sú lausn þurfi að vera þolanleg fyrir efnahag og fjármál íslenskra ríkisins.

- jhh



ÞJÓÐIN STANDI SAMAN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hélt blaðamannafund á Bessastöðum í gær. Þar lagði hann áherslu á að þjóðin standi saman nú þegar þjóðaratkvæðagreiðslan er að baki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segir mikilvægt að þjóðin standi saman

Forseti Íslands telur brýnt að Íslendingar standi nú saman. Hann telur ólíklegt að Bretar og Hollendingar muni leggja stein í götu Íslendinga í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Ólíklegt að áhrifa gæti á íslenskt efnahagslíf.

„Ríkissjóðir Bretlands og Hollands munu fá gríðarlegar fjárhæðir í sinn hlut úr þrotabúi Landsbankans,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Hann hélt blaðamannafund á Bessastöðum í gær þar sem farið var yfir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Icesave-málinu á laugardag og hugsanlegar afleiðingar. Þar sagði hann að nú þegar þjóðin hafi fengið að segja sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu um málið sé brýnna en nokkru sinni að hún standi saman.

Ólafur benti á að þrotabúi gamla Landsbankans sé afar sterkt. Innan fárra mánaða muni útgreiðslur hefjast og muni þær á endanum nema sjö til níu milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra eitt þúsund milljarða króna. Það dugar til að greiða innstæðutryggingu í Bretlandi og Hollandi og rétt rúmlega það.

„Það er óþarfi að tala eins og við séum eitthvað samviskulaust fólk sem ætli ekki að borga neitt,“ sagði forsetinn. Þá sagði Ólafur ekki víst hvort Bretar og Hollendingar fari í mál vegna þessa eða leggi stein í götu aðildarviðræðna stjórnvalda við Evrópusambandið.

„Það getur verið flókið að fara í mál út af þessu atriði á þessum tímum þegar evrusvæðið og peningakerfi Evrópu er nánast allt í óvissu. Þeir væru búnir að taka gríðarlega áhættu við að fara í mál við þessar kringumstæður. Að því leyti má segja að sú ógæfa sem nú ríður yfir evrusvæðið hafi orðið okkur til hagsbóta. Það er miklu meira hættu-

Vonar að svartsýnisþár rætist ekki

„Ég væri manna fegnust ef þessar spár rætast ekki um það sem hugsanlega gæti gerst. En það er þungt hljóð í mönnum,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður Samtaka verslunar og þjónustu. Hún hefur lengi haft áhyggjur af stöðunni og sagt óvissu um niðurstöðu í Icesave-málinu hafa valdið því að forsvarsmenn fyrirtækja hafa haldið að sér höndum. „Við höfum áhyggjur af stöðunni eins og hún er, af óvissunni. Ég hef því miður heyrt í mörgum sem búa sig undir að pakka í vörn. Það er það versta sem gæti gerst, að menn haldi áfram að sér höndunum,“ segir hún.

Margrét segir mikilvægt að niðurstaða fái sem fyrst í Icesave-málinu, eins hvort það fari fyrir dómstóla eða ekki. Niðurstaða megi ekki dragast í eitt til tvö ár til viðbótar. „Við óttumst að á meðan niðurstaða fæst ekki verði áfram frost.“

spil fyrir Breta og Hollendinga að fara í mál,“ sagði hann.

Forsetinn taldi jafnframt ólíklegt að niðurstaðan muni hafa neikvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þvert á móti hafi íslensk stórfyrirtæki í alþjóðlegum rekstri fjármagnað sig nýverið og erlendir fjárfestar fest hér fé. Nú ríði á að Íslendingar upplýsi útlendinga um Icesave-málið og lyktir þess.

„Ég óttast ekki á neinn hátt að þessi úrslit muni hafa neikvæð áhrif á fjármagnsstreymi til Íslands. Ef okkur tekst að koma því til skila á alþjóðlegum vettvangi að Bretar og Hollendingar eru með öruggt í hendi sjö til níu milljarða Bandaríkjadala út úr þrotabúinu þá lítur málstaður Íslands öðruvísi út en reynt hefur verið að halda fram bæði hér og erlendis,“ sagði hann og gagnrýndi harkalega forystumenn atvinnulífsins fyrir að tala niður íslenskt atvinnulíf. „Farið að segja unga fólkinu í landinu og þjóðinni frá allri uppbyggingu sem er í íslensku atvinnulífi.“

jonab@frettabladid.is

Ómaklegt

„Þetta var ómaklegt,“ segir Vilhjálmur Egiðsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Við höfum ekki verið með neinar hörmungarspár heldur talað um það sem skiptir máli, aðgengi að erlendu fjármagni og fjárfestingar. Öll vinna okkar hefur gengið út á það að tala atvinnulífið upp, fjárfestingar líka og atvinnuleysi niður.“

Vilhjálmur bendir á að öll fjárfesting hér í fyrra hafi numið þrettán prósentum af landsframleiðslu, heildarfjárfesting numið innan við tvö hundruð milljörðum króna og ekki verið lægri frá því í seinna stríði.

„Við höfum þvert á móti talað atvinnulífið upp, reynt að skapa trúverðugar væntingar svo fjárfestingar sem nú eru í algjöru lágmarki verði meiri og keyri okkur upp úr kreppunni,“ segir hann en bætir við að of snemmt sé að segja til um áhrif niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar á laugardag.

KAUPTHING MANAGER SELECTION

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942

Annual General Meeting of Shareholders

The Board of Directors convenes the Shareholders of KAUPTHING MANAGER SELECTION to attend the Annual General Meeting to be held at the registered office of the company on 28 April 2011 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the Authorized Auditor
2. Approval of the financial statements as at 31 December 2010
3. Allocation of results
4. Discharge to the Directors
5. Appointment of ERNST & YOUNG as Authorized Auditor
6. Statutory elections.

The Shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by a simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Sica. The Shareholders who wish to attend the Meeting must inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 - dg.ifs.corporate.services@bdl.lu) at least five calendar days before the Meeting.

FASTUS

Fjölbreytt úrval af rafskutlum

Bjóðum upp á margar gerðir af rafskutlum. Hafðu samband og við hjálpum þér að finna rafskutlu við hæfi.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

Leiðtogar Hollands og Bretlands um synjun Icesave-samninga:

Lýsa vonbrigðum með útkomuna

ICESAVE Danny Alexander, aðstoðarfrjármálaráðherra Bretlands, sagði í viðtali við breska ríkisútvarpið BBC í gær að niðurstaða Icesave-kosninganna væri vonbrigði, þó hann virði vilja íslensku þjóðarinnar þjóðarinnar. Bresk stjórnvöld hafi reynt að semja um málalok, en nú verði leitað til dómstóla.

„Skylda okkar er að endur-

heimta fjármunina og við munum halda málinu til streitu þangað til það tekst. Bretland er í erfiðri stöðu sem land og þessir fjármunir myndu koma sér vel,“ sagði Alexander.

Fjármálaráðherra Hollands, Jan Kees den Jager, sló á svipaða strengi og sagði að hvorki væru þetta góðar fréttir fyrir Ísland né Holland.

De Jager bætti því við að málið væri nú á forræði dómstóla.

„Tími samninga er liðinn og Íslandi ber enn að endurgreiða.“


Forráðamenn ríkisstjórnarinnar og allra flokka á þingi, telja að nú skipti mestu að málflytningur Íslendinga verði með þeim hætti að orðstír landsins erlendis skaðist ekki frekar.

- þj

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga

Icesave-samningnum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu



Kveinkar sér ekki þó hann hafi mælt með að semja:

Ákveðinn í að endurheimta traustið

„Ég hef ekki skipað mér í hóp þeirra sem hafa spáð hér drama-tískum afleiðingum af því að samningarnir féllu í þjóðaratkvæðagreiðslunni þó að ríkisstjórnin hafi gert það,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann segir það hlutverk stjórnvalda nú að koma niðurstöðunni skýrt til skila til umheimsins, „það skiptir máli vegna þess að við þurfum á velvild að halda frá þeim sem við sækjum til með erlenda fjármögnun til dæmis.“



BJARNI BENEDIKTSSON Formaður Sjálfstæðisflokksins.

Þá segir Bjarni að skýra verði út fyrir fólki að staðan sé ekki eins slæm í efnahagslegu tilliti og ríkisstjórnin hafi gefið til kynna í aðdraganda kosninganna. „Nú þurfum við bara að bretta upp erm og hlýða þessu kalli þjóðarinnar.“

Varðandi stöðu sína innan Sjálfstæðisflokksins segir Bjarni að

það sé verk að vinna fyrir hann. „En það er engan bilbug á mér að finna. Það má segja að ég hafi verið að klífa brekku allt frá fyrsta degi í þessu starfi. Ég kveinka mér ekkert undan því, en það traust sem hefur mögulega glatast í þessu máli, það er ég algjörlega ákveðinn í að endurheimta með samtali við flokksmenn. - þj, þeb

Ánægður með að úrslitin hafi verið afgerandi:

Vill að Jóhanna og Steingrímur víki

„Ég er svo sem ánægður með úrslitin. Það sem er líka það góða við þau er að þau eru mjög afgerandi. Sama á hvorn veginn þetta hefði farið þá er þetta það afgerandi að þetta er ekki lengur deilumál, það er komin niðurstaða í málið. Það skiptir miklu máli,“ segir Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar.



ÞÓR SAARI Þingmaður Hreyfingarinnar.

„Mín skoðun er sú að Jóhanna og Steingrímur eigi að hugsa sinn gang alvarlega. Þau eru í þrígang búið að draga þetta mál inn í Alþingi, þau hafa höndlað eins illa með það í öll skiptin og hugsast getur og þau hafa kostað þingið og samfélagið gríðarlegan tíma og peninga í að reyna að berja þetta mál í gegn og þau hafa fengið það í andlitið í þrígang.“

Þór segir að kominn sé tími til að þau stígi til hliðar. Hann vill þó ekki að boðað verði til kosninga heldur að Jóhanna og Stein-

grímur tvö fari frá. „Það er mjög mikið af fólki bæði í Samfylkingu og VG sem vill vinna með öðrum flokkum á þingi og gera hlutina öðruvísi en þau tvö.“ Hann segir Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, einnig þurfa að hugsa sinn gang.

Hann segir jafnframt að málið sé búið í bili hvað okkur snerti og það muni lognast út af. - þeb



SEGJA ÓVISSU ENN RÍKJA Forseti ASÍ telur að óvissan sem hlýst af höfnun Icesave-samnings sé enn til staðar og skammtíma-samningar séu líklegri.

Skammtímasamningar líklegir

Gylfi Arnþórsson, formaður ASÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að í ljósi úrslita þjóðaratkvæðagreiðslunnar sé líklegra að nú verði gerðir kjarasamningar til skemmri tíma í stað þriggja ára eins og viðræður aðila vinnu-markaðarins hafi gert ráð fyrir fram að þessu.

„Forsendur kjarasamninga til lengri tíma hafa gert ráð fyrir að gangverk landsins færi á fullt og hagvöxtur glæddist. Markmiðið var að nota kjarasamninga til þess að draga úr óvissu og óvissan vinnur gegn fjárfestingum. Þessi niðurstaða þjóðarinnar, sem ber að vörð, leiðir til þess að þetta mál verður í óvissu næstu tvö, þrjú árin.“

Gylfi segir að fyrir liggja að áframhaldandi uppbygging hér á landi sé háð aðgangi að fjármálamörkuðum.

Gylfi sagðist munu funda með Samtökum atvinnulífsins í dag. „Skylda verkalýðshreyfingarinnar er að tryggja félagsmönnum sínum launahækkun í ár og nú munum við fara í að tryggja það og þá með gerð skammtíma-samnings.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, sagðist ekki vilja tjá sig ítarlega um niðurstöðuna en framhaldið myndi skýrast í vikunni.

- þj

Afstaða Svía ræður miklu um framhaldi

Stjórnvöld freista þess að afstýra neikvæðum áhrifum af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar á efnahagsáætlun landsins. Semja þarf við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn og samstarfsríki. Flestir taka vel í umleitanir.

Afstaða sænsku ríkisstjórnarinnar, og eftir atvikum sænska þingsins, til málefna Íslands ræður miklu um framvindu efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjalddeyrissjóðsins.

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á að áætlunin gangi eftir enda leiðarljós hennar út úr efnahagsþrengingunum. Segir í yfirlýsingu stjórnarinnar frá í gær að hún muni „freista þess að tryggja hnökralausa framvindu áætlunarinnar.“ Í því skyni verður rætt við forystumenn AGS, samstarfsþjóðirnar og hin Norðurlöndin og Pólland, sem hafa

lánað Íslendingum peninga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hófu embættismenn þegar í síðustu viku að setja sig í samband við erlenda starfsbræður til að undirbyggja frekari viðræður í kjölfar niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Næstu daga verður allur þungi starfsmanna utanríkisþjónustunnar á málinu; þeir munu einbeita sér að því að kynna sjónarmið íslenskra stjórnvalda og koma í veg fyrir að niðurstaðan hafi áhrif á samskipti landsins við önnur ríki, alþjóðastofnanir og fjármála-stofnanir.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafa sænsk stjórnvöld verið varfærin í að lýsa afstöðu sinni en ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna sýnt málinu skilning. Er röið að því öllum árum að fá Svía til fylgilags enda litið svo á að fallist þeir á að tekið sé tillit til breyttra aðstæðna fylgi aðrar þjóðir í kjölfarið.

Á sínum tíma stöðu Svíar harðir á því að Íslendingar gengju frá Icesave-samningum áður en lán Norðurlandanna yrðu veitt og efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS hleypt af stokkunum.

björn@frettabladid.is

Förum örugg
inn í **sumarið!**
Frí ástandsskoðun í apríl og maí 2011

ŠKODA



Tímamantanir í síma 590 5000 og á gi@hekla.is

Reynslan er góð!



Laugavegi 170 - 174 • hekla.is • Þjónustuverkstæði um land allt



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR Þingmaður Framsóknarflokksins

Siv studdi Icesave-samning: Telur dómstóla-leið áhættusama

ICESAVE „Ég var á mótfallin fyrri Icesave-samningum en hefði viljað sjá þennan samning samþykktan,“ segir Siv Friðleifs-dóttir, þingmaður Framsóknarflokksins.

Hún var í minnihluta flokks-systkina sinna og telur meirihluta kjósenda hafa ákveðið að fara áhættusama leið í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag. „Dómstólaleiðin er áhættusöm. En þetta var niðurstaðan, við verðum að vinna út frá henni og taka því sem að höndum ber,“ segir Siv og bendir á að ekki liggja fyrir hvað taki við eftir að stjórnvöld svara bréfinu sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, sendi stjórnvöldum í maí í fyrra.

- jab



ÉG ER KLIKKAÐUR
Í COCOA PUFFS &



Cocoa Puffs

RIO BÍÓLEIÐUR COCOA PUFFS



Taktu þátt í laufléttum leik



Safnaðu tveimur strikamerkjum af Cocoa Puffs, skráðu þig á cocoapuffs.is og þú ferð í pott sem dregið verður úr í apríl. Fjölmargir glæsilegir vinningar í boði.



400 RIO BÍÓMIÐAR

PLAYSTATION 3
LEIKJATÖLVA



10 PLAYSTATION 3 LEIKIR




FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN

10 ÁRSKORT Í HÚSDÝRAGARÐINN



Þátttaka í Happdrætti Háskólans borgar sig - fyrir þig!

Yfir 20 háskólabyggingar hafa verið reistar eða keyptar fyrir happdrættisfé. Stór hluti af tækjabúnaði skólans er einnig fjármagnaður af happdrættinu



Drögum
á morgun
12.apríl

Aðalútdráttur

hefur aldrei verið glæsilegri!

Vinningshafar eru um 3.000 í hverjum mánuði.



**HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
VÆNLEGAST TIL VINNINGIS

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.

Framsókn vill ekki hætta ESB-viðræðum

Tillaga að ályktun um að draga ætti umsókn Íslands að Evrópusambandinu til baka var felld naumlega á flokksþingi Framsóknarflokksins. Flokkurinn telur engu að síður að hag landsins sé betur borgið utan sambandsins.

STJÓRNMÁL Tillaga um að umsókn að Evrópusambandinu verði dregin til baka var felld mjög naumlega, með 169 atkvæðum gegn 164, á flokksþingi Framsóknarflokksins um helgina. Í ályktun sem flokksþingið sendi frá sér segir hins vegar að flokkurinn telji hag lands og þjóðar best borgið utan sambandsins.

Ályktunin um Evrópusambandið var samþykkt með miklum meirihluta. Í henni segir að áfram skuli leita eftir samstarfi við þjóðir innan og utan ESB á grundvelli frjálsra og sanngjarnra samninga og samvinnu sem byggir á jöfnuði og ábata allra aðila. „Nú sem fyrr standa auðlindir þjóðarinnar undir velferð hennar og fullt og óskorad forræði á þeim er forsenda farsældar til framtíðar,“ stendur jafnframt í ályktuninni, sem er hluti af ályktun um utanríkismál.

„Meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna lands og þjóðar og veita öflugt fyrirvar gagnvart öðrum ríkjum. Sem smáríki á Ísland hag sinn undir því að alþjóðalög séu virt og þjóðir leysi sín deilumál friðsamlega,“ segir í ályktun um utanríkismál.

Þrjár aðrar ályktanir voru samþykktar á flokksþinginu, um innanríkismál, sjávarútvegsmál og velferðarmál.



Á FLOKKSÞINGINU Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var endurkjörinn formaður með 92,2 prósentum atkvæða og var hann hylltur af þinggestum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flokkurinn hafnar fyrningarleiddinni sem fiskveiðistjórnunartæki og vill að stjórnun fiskveiða verði blönduð, á grunni aflahlutdeildar á skip og úthlutunar veiðileyfa. Sjávarútvegur sé grunnatvinnugrein þjóðarinnar.

Þá hafnar flokkurinn alfarið niðurskurði í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og segir nauðsynlegt að snúa þeirri þróun við. Flokkurinn vill að heilsugæsla verði eflað, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn flokksins var öll endurkjörin á flokksþinginu. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var endurkjörinn formaður með 92,2 prósentum atkvæða, Birkir Jón Jónsson varaformaður var endurkjörinn með 77,3 prósentum atkvæða. Sturla Jónsson vörubílstjóri bauð sig óvænt fram gegn honum en hlaut aðeins örfá atkvæði. Þá var Eygló Harðardóttir endurkjörin ritari með 89,2 prósentum atkvæða.

thorunn@frettabladid.is



Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu MARGAR HENDUR VINNA LÉTT VERK sumarið 2011.

Landsvirkjun hefur um áratugi starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagsamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfsgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnið lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt stígagerð og stikun gönguleiða.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar, í síma 515 9000 ragnheidur@lv.is.

Umsóknarfrestur rennur út 29. apríl. Umsóknareyðublað er að finna á www.landsvirkjun.is

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík - Íceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07



Landsvirkjun

exquisit

KGC-270/45 Kæli- og frystiskápur

- ✓ Kælir 171 lítrar og frystir 41 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD: 143x544x58 cm
- ✓ Verð áður kr 74.900



HÆÐ
143
CM

Stállitaður

ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
54.900

exquisit

KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur

- ✓ Kælir 205 lítrar og frystir 68 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD: 177x55x58,6 cm
- ✓ Verð áður kr 99.900



HÆÐ
177
CM

ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
79.900

exquisit

GT-261 Frystikista

- ✓ 205 lítra frystikista í A+ orkuflokki
- ✓ Hitastillir
- ✓ Grind fylgir
- ✓ HxBxD: 82x95x56 cm
- ✓ Verð áður kr 84.900



205
LTR

95
LTR

ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
64.900

ÞÚ SPARAR
15.000

Verð nú
44.900

ÞÚ SPARAR
25.000

Verð nú
34.900

exquisit

GS-11A Frystiskápur

- ✓ 80 lítra frystiskápur
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ HxBxD: 84x55x56 cm
- ✓ Verð áður kr 59.900

exquisit

GT-111 Frystikista

- ✓ 95 lítra frystikista í A+
- ✓ Hitastillir
- ✓ 1 grind fylgir
- ✓ HxBxD: 86x54x54,5 cm
- ✓ Verð áður kr 59.900

VERÐ FYRIR NEÐAN FROSTMARK
**FYRSTIR KOMA
FRYSTIR FÁ**

HÆÐ
153
CM

exquisit

KGC-220/70 Kæli- og frystiskápur

- ✓ Kælir 148 lítrar og frystir 68 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD: 153x55x58 cm
- ✓ Verð áður kr 89.900



HÆÐ
175
CM

Hvítur eða stál

ÞÚ SPARAR
20.000

Verð nú
69.900

ÞÚ SPARAR
45.000

Verð nú
114.900

Electrolux

ERB-34233W / ERB-34233X

- ✓ Nýjung. Mismunandi kælisvæði fyrir grænmeti, kjöt og fisk með Fresh Zone
- ✓ Stór og góður frystir með 3 skúffum
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD: 175x59,5x60 cm
- ✓ Verð áður kr 159.900

exquisit

KB-45 Kæliskápur

- ✓ Rúmmál kælis 40 lítrar nettó og lítið
- ✓ 6 lítra frystihólf
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ HxBxD: 51x44x47 cm
- ✓ Verð áður kr 29.900



ÞÚ SPARAR
10.000

Verð nú
19.900

Electrolux

ERL-6298XX Tvöfaldur amerískur kælsk.

- ✓ Tvöfaldur kæli- og frystiskápur með klakavél
- ✓ Kámfritt stál, stálhandföng
- ✓ Mismunandi kælisvæði fyrir kjöt/fisk/grænmeti
- ✓ HxBxD: 176x90,5x68 cm
- ✓ Verð áður kr 549.900



TOPP
MÓDEL
★★★★★

XXL

ÞÚ SPARAR
150.000

Verð nú
399.900

exquisit

GS-300 Frystiskápur

- ✓ Flottur stór 230 lítra frystiskápur með sjálfvirkri affrýstingu.
- ✓ Stjórnborð með skjá og aðvörunarkerfi
- ✓ Stórar og vandaðar skúffur
- ✓ HxBxD: 175x60x60 cm
- ✓ Einnig fánægur í hvítu
- ✓ Einnig fánægur kæli í stíl
- ✓ Verð áður kr 149.900



XXL
230 L

HÆÐ
175
CM

þarf aldrei að affrýsta

ÞÚ SPARAR
50.000

Verð nú
99.900

HÆÐ
85
CM

exquisit

KS-170 Kæliskápur

- ✓ Rúmmál kælis 130 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ Sjálfvirk afþiðing í kæli
- ✓ HxBxD: 84,5x54,5x58 cm
- ✓ Verð áður kr 49.900



ÞÚ SPARAR
10.000

Verð nú
39.900

HÆÐ
105
CM

Electrolux

ERC-19002 Kæliskápur með frystihólf

- ✓ Kælir 172 lítrar og frystir 18 lítrar
- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli
- ✓ HxBxD: 105x55x60 cm
- ✓ Verð áður kr 79.900



ÞÚ SPARAR
15.000

Verð nú
64.900

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Vonum það bezta um útkomu Icesave-málins en verum jafnframt viðbúin því versta.

Ábyrgð og afleiðingar

Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave-lögin í fyrradag var afgerandi. Þjóðin hafnar samningaleiðinni og vill þess í stað láta reyna á lögmæti hins evrópska innistæðutryggingakerfis fyrir dómstólum.

Nú liggur í augum uppi, eins og bæði stjórnmalaforingjar og forseti lýðveldisins hvöttu til í gær, að fólk sameinist um að halda vel á málstað Íslands og reyna að ná fram eins góðri niðurstöðu í dómsmáli og hægt er. Allir landsmenn hljóta að vona það bezta um gang þess málarekstrar. Við þurfum jafnframt að viðurkenna þá hættu að dómur falli Íslandi í óhag og vera við slíkri niðurstöðu búin.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Sá mikli meirihluti þjóðarinnar sem kaus nei áttar sig væntanlega á því að um leið og hann neitaði að taka ábyrgð á innistæðutryggingunum í Bretlandi og Hollandi tók hann ábyrgð á hugsanlegum neikvæðum afleiðingum niðurstöðunnar í þjóðaratkvæðagreiðslunni fyrir íslenskt efnahagslíf.

Svo getur farið – þótt við vonum auðvitað að það verði ekki – að lánshæfismat Íslands verði lækkað, að erfiðara verði að fá lánsfé og fjárfestingar inn í landið, að vinaríki okkar dragi lánveitingar til baka eða veiti okkur ekki þann stuðning í alþjóðastofnunum sem við höfðum vonast eftir. Þá þýðir ekkert að kenna vondu útlendingunum um. Þetta væru afleiðingar ákvörðunar sem þjóðin tók sjálf og hægt hefði verið að forðast þær ef ákvörðunin hefði verið önnur.

Þótt þjóðarsamstaða um stefnuna í Icesave-málinu sé nauðsynleg þýðir það að sjálfsögðu ekki að við eigum ekki að horfast í augu við ýmis vandamál sem getur orðið torveldara að leysa vegna þess hvernig atkvæði féllu. Nú er til dæmis líklegra en áður að kjarasamningar verði gerðir til skamms tíma í stað þriggja ára, vegna þeirrar óvissu um hagvöxt og umgjörð efnahagslífsins næstu árin sem nei-ið hefur valdið og Gylfi Arnbjörnsson forseti Alþýðusambandsins gerir að umtalsefni hér í blaðinu í dag.

Árás Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands á forystumenn í atvinnulífinu á blaðamannafundi hans í gær var ómakleg. Hann vildi banna þeim að „tala íslenskt atvinnulíf niður“, en að þess í stað töluðu menn um allt það jákvæða sem væri að gerast í íslenskum fyrirtækjum. Forsetinn sagðist hitta og tala við marga í fyrirtækjum landsins og hann vissi vel að hér væri meira að gerast í atvinnusköpun en víða annars staðar.

Það er rétt hjá forsetanum að margt jákvætt er að gerast í íslensku atvinnulífi. Það er bara ekki nóg, eins og hann veit ef hann hefur líka hitt einhvern hinna 15.000 Íslendinga, sem eru án atvinnu.

Við þurfum meiri fjárfestingu og betri aðgang að fjármagni til að auka hagvöxt og fjölga störfum. Hættan er sú að neikvæðar afleiðingar þess að hafna samningaleiðinni í Icesave seinki bráðnauðsynlegri atvinnusköpun. Forseti Íslands ber sína ábyrgð á því, verði það niðurstaðan. En auðvitað vonum við að bjartsýni forsetans sé á rökum reist.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Endaskipti

Alheimskapítalismanum var sagt stríð á hendur í netgrein í gær. Samkvæmt henni hefur Ísland nú tekið forystu meðal þjóða heims í baráttunni gegn alþjóðlegum fjármálamörkuðum og þarfnast nú bandamanna. Nei, þessi grein var ekki skrifuð af Ögmundi Jónassyni eða Albaníu-Valda, og nei, hún birtist ekki í ríkismiðlinum í Vene-súela. Hana skrifaði Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins. Það hefur verið einkennileg stemning á fundi hans og Ólafs Ragnars Grímssonar á Bessastöðum fyrir skemmstu,



þar sem Styrmir bölsótaðist væntanlega út í hinn frjálsa fjármálaheim á meðan Ólafur lofsöng hann. Það eru óvænt endaskipti.

Ekki aftur

Ólafur Ragnar sagði einmitt í gær að nú mætti ekki lengur tala niður íslenskt atvinnulíf. Við ættum að lýsa því á hverjum degi hvað íslensk fyrirtæki eru æðisleg. Þegar Ólafur Ragnar talar á þessum notum er rétt að sperra eyrun. Við vitum hvaða áhrif það getur haft. Á það er jú komin dágóð reynsla.

Fyrir ellefu hundruð árum

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson talaði líka á þeim notum í ræðu sinni á flokksþingi Framsóknarflokksins á

föstudag að Ísland væri best í heimi – land framtíðar. Við hefðum allt til að blómstra, það eina sem vantaði væri Framsóknarflokkurinn í ríkisstjórn. Hann sagði að það væri óviðeigandi ef stjórnmalahreyfing reyndi í dag að eigna sér Jón Sigurðsson... en auðvitað hefði hann samt verið framsóknarmaður. Þessa dagana er enginn hörgull á þess lags þjóðrembu með vísunum aftur í forneskju. Gefum Styrmi aftur orðið: „Afkomendur þeirra, sem fyrir ellefu hundruð árum vildu ekki láta kúga sig í Noregi hafa sýnt hvernig gerðar þeir eru.“ Það var og.

stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Karlastörf á kostnað kvennastarfa

Niðurskurður



Elsa B. Friðfinsdóttir
formaður
Félags íslenskra
hjúkrunar-
fræðinga

Stjórnvöld hafa nú lagt fram Sýmsar hugmyndir sem ætlað er að liðka fyrir gerð kjarasamninga á almenna vinnu-markaðnum. Forystumenn Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hafa sett fjölmörg skilyrði fyrir því að þeir gangi frá samningum, allt frá breytingum á lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna til breytinga á stjórn fiskveiða. Útspil stjórnvalda er að flestu leyti eflaust til bóta. Rætt er um að hækka persónuafslátt í samræmi við verðbólgu, mögulegar skattalækkanir á lægstu laun og endurskoðun bóta almanna-trygginga. Þá er mikil áhersla lögð á aukningu í verklegum framkvæmdum ýmis konar, sem samtals mun þýða útgjaldaauka ríkissjóðs upp á 12-13 milljarða til ársloka 2012.

Eflaust geta allir verið sammála því að auka þarf atvinnu hér á landi því atvinnuleysi er allt of mikið.



Eflaust geta allir verið sammála því að auka þarf atvinnu hér á landi því atvinnuleysi er allt of mikið.

skapa störf, skapa hagvöxt. Rétt er að hafa í huga að verklegar framkvæmdir eins og nú á að grípa til skapa fyrst og fremst karlastörf. Það er líka rétt að ítreka að stjórnvöld hafa ekki gert grein fyrir því hvernig á að fjármagna þessar auknu framkvæmdir. Formaður fjárlaga-nefndar Alþingis sagði nýlega í viðtali að rekstur ríkissjóðs 2012 liti verr út en gert var ráð fyrir. Nærtækast er því að ætla að til að fjármagna umræddar verklegar framkvæmdir verði enn að skera niður í opinberum rekstri. Konur eru í meirihluta opinberra starfsmanna og í heilbrigðis-kerfinu eru þær í miklum meirihluta. Getur afleiðing krafna ASÍ og SA, og fyrirætlananna stjórnvalda til að mæta kröfum þeirra, orðið sú að karlastörf skapist á almennum vinnu-markaði en hefðbundnum kvennastörfum á opinbera markaðnum fækki? Hvar er þá hin „kynjaða hagstjórn“ og jafnrétti kynjanna á vinnu-markaði?

15% afsláttur



Apótekarinn⁺
lyf á lægra verði

Óvinafagnaður

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Snorri vinur minn er einn af þeim sem fannst að hann ætti að segja já en langaði að segja nei og endaði á að segja ha? – hann sat heima. Í morgunkaffinu í gær sagði hann að nú væri þjóðin svolítið eins og manneskja sem á árshátíð frystihússins um helgina hefði gefið verkstjóranum í saltfisknum vænan kinnhest – og fengið ógurlegt kikk út úr því – en þyrfti nú að mæta í vinnuna á mánudegi. Og hitta verkstjóran og alla hina.

Það kemur alltaf mánudagur.

Játningar jámanns

Sjálfur var ég jámaður: mig langaði að segja já, fannst að ég ætti að segja já – og sagði já. En mér fannst líka að þetta væri atkvæðagreiðsla sem ég hefði hvorki þekkingu né aðrar forsendur til að taka þátt í; þetta væri óvinafagnaður sem þeir Ólafur Ragnar og Davíð Oddsson, samherjarnir og óvinirnir, efndu nú til vegna þeirrar van-sæmdar sem þeir hlutu af verkum sínum og framgöngu í Stóru Bólu.

Þessir tveir eru sigurveggar kosninganna – og geta nú fagnað. Þeir eru óskoraðir leiðtogar þjóðarinnar og ættu eiginlega að leiða hana næstu skref úr því að þeirra leið varð ofan á, en ekki sitja aftur í og trufla í sífellu þau sem eru að reyna að koma þessum volaða skrjóði, sem Ísland er, yfir heiðina sem virðist nú óárennilegri en nokkru sinni.

En sum sé. Ég var svo fávís að halda fram í síðustu viku að meirihluti landsmanna yrði mér kannski sammála í þessari atkvæðagreiðslu: þannig hefur það reyndar sjaldn-

ast verið í kosningum, nema kannski þegar ég kaus Vigdís og það er langt síðan hún var forseti – ansi langt. Það runnu hins vegar á mig tvær grímur síðustu vikuna fyrir kosningar þegar ég sá auglýsingar í Mogganum frá hvorri fylkingu um sig. Fyrst kom auglýsing frá neimönnum með einfaldri framsetningu á einföldum skilaboðum, einn litur, ein hugmynd, ein tilfinning. Svo fletti maður og þá kom auglýsing fyrir jáið full af einhverjum málflutningi – full af kraðaki; alls konar pflur og örvar og dót þar sem málflutningur nei-sinna var tekinn sundur lið fyrir lið. Ég var hálf tíma að lesa þetta og ég vissi að þetta væri tapað.

Sæmdarþorstin

Þetta snerist samt ekki um auglýsingar eða málflutning. Þetta var frekar einfalt: Prinsippið sigraði pragmatíkina. Meirihluti landsmanna telur sig og þjóðarbúið standa það vel að vogandi sé að leggja út í rándýrt og óvísst dómsmál út af „prinsippinu“ jafnvel þótt nú sé komið á daginn að líklegt sé að salan ein á Iceland Food dugi fyrir þeirri skuld sem þráttad er um. Hvað sem líður forsetatilskipunum í gær um að nú skuli allir tala einum rómi fyrir „málstað Íslands“ þá verður erfitt fyrir minnihlutann að þurfa að þegja undir þeirri miklu þjóðræknisorðræðu sem nú á eftir að magnast upp, þar sem ævinlega verður talað um „málstað Íslendinga“ eins og þar búi að baki einhuga þjóð. Þannig verður það ekki því miður. Þjóðin er klofin.

Fjörutíu prósent landsmanna vildu klára málið, gangast við íslenski ábyrgð í bland við ábyrgð þeirra þjóða sem leyfðu Landsbankanum að starfa í trausti þess að hann væri undir eftirliti íslenskra stofnana. Meirihlutinn hugsaði hins vegar: Er þetta mín skuld? Nei. Læt ég kúga mig til hlýðni? Nei.

Íslendingar hafa aldrei verið snoknir fyrir ríkisvald og meirihlutinn gerir nú ekki mikið með hugmyndina á bak við

„skuldbindingar ríkja“. Og meirihluti landsmanna kaus að líta á þetta tiltekna mál sem kúgunartilburði og hótanir Breta og Hollendinga á hendur saklausum íslenskum almenningi sem ekki mætti láta undan því þar með hefðu Íslendingar misst eitthvað mikilsvert úr tilveru sinni, jafnvel sál sinni. Þar reru vitaskuld ýmsir undir, misjafnlega grandvarir. Mestu réð þó hitt: að ríkisstjórn Gordons Brown skyldi beita hryðjuverkalögum á starfsemi íslenska banka. Enn hefur ekki almennilega komist á hreint í íslenski umræðu hvort rétt sé sú réttlætning Browns og Darlings fyrir því, að ógurlegar fjárhæðir hafi runnið á sínum tíma úr reikningum í Bretlandi – sparifé Englendinga – og til Íslands. Ætli við fáum nokkurn tímunn að vita það? Sennilega er það til of mikils mælst að okkur auðnist nokkru sinni að byggja umræður okkar um svona mál á staðreyndum.

Aðalatriðið er að þessi gjörningur bresku ríkisstjórnarinnar varð til þess að særa íslensk þjóðarstolt holundarsári. Því það er eitt hugtak sem gengur eins og rauður þráður gegnum bókmenntir Íslendinga og virðist greipt í þjóðarvitundina: Sæmd. Íslendingasögurnar fjalla allar meira og minna um sæmd, réttmæta og óréttmæta og það hvernig réttmæt eftirsókn eftir sæmd getur snúist upp ofdramb – og leitt til falls.

„Sæmdarþorsti“ er hugtak sem Ólafur Páll Jónsson heimspekingur imprar á í grein í síðasta TMM. Halldór Laxness sagði í Innansveitarkróníku í sinni frægu analýsu á umræðuhefð Íslendinga að Íslendingar „beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur“. Ég vona að manni fyrirgefist að nefna það hér, en niðurstaða þessarar þjóðaratkvæðagreiðslu virðist renna stöðum undir þau orð; peningaleg rök jámegnin dugðu ekki gegn sæmdarþorstanum neimegin.

Það kann að vera vegna þess að í grunninn er Íslendingum sama um peninga en ákaflega umhugað um sæmd sína.

AF NETINU

Kosið eftir flokkslínum

Skoðanakannanir fyrir þjóðaratkvæði sýndu 40% fylgi stjórnarflokka og 60% fylgi stjórnarandstöðu. Sýndu, að fólk ætlaði að kjósa eftir flokkslínum. Þjóðaratkvæðið staðfesti það, 60% móti samningnum og 40% með. Kjósundur greiddu atkvæði eins og formaðurinn. Nema í Flokknum, þar risu menn upp gegn Bjarna Benediktssyni. Hann er Hinn Stóri Tapari. Ögmundur Jónasson og Jón Bjarnason risu gegn formanni sínum. En þeir tóku ekki kjósundur flokksins með sér. Eiga að ganga í Framsókn, þar eiga þeir heima. Svo kemur bráðum D & B stjórn hrunverja og kvótaverja með Davíð sem forsætis. Fórum hringinn á 3 árum.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Draumsýn um Ísland

Íslensk stjórnvöld gerðu sig sek um alvarlega vanrækslu. Þau klöppuðu upp stórhættulegan hraðakstur íslenskra fjárfesta. Þau vanræktu þá skyldu sína að sjá til þess að bankarnir legðu nægt fé í lögbundna tryggingarsjóði en þeir gegna hlutverki neytendaverndar fyrir sparifjäreigendum. Og íslensk yfirvöld vanræktu að sjá til þess að Landsbankinn stofnaði dótturfélag í útlöndum til að starfrækja innlánastarfsemina það er að segja lesave. Það hefði komið í veg fyrir að kröfur yrðu gerðar á íslenska ríkið ef allt færi á versta veg.

eyjan.is/hjalmarsveinsson

Hjalmar Sveinsson

NÝR SORENTO

7 manna jeppi sem **eyðir aðeins 7,4 lítrum!**



7 ára ábyrgð
á öllum nýjum KIA bílum



Kia Sorento, sjálfskiptur, dísil 197 hð.
Verð frá 6.790.000 kr.

Til afgreiðslu strax!



Kia Sorento er glæsilegur jeppi sem á eftir að koma þér á óvart. Rúmgóður og ríkulega búinn, öflugur, með frábæra aksturseiginleika og á ótrúlegu verði.

- Ný 197 hestafla dísilvél
- Sex þrepa sjálfskipting
- Einstakir aksturseiginleikar
- Útblástur með því minnsta sem þekkest í sambærilegum bílum
- Allir nýir bílar frá Kia eru í 7 ára ábyrgð
- Fáanlegur sjö sæta



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Allt í hnút - staða og horfur eftir þjóðaratkvæði

Stjórnsmál

Jón Sigurðsson
fyrirverandi formaður Framsóknarflokksins



Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna 2011: Hver er staðan sem upp er komin? Hverjar eru horfurnar?

- Breytt stjórnskipan: Hér er nú pólitískt virkur forseti og beint lýðræði að frjálsri ákvörðun hans hvenær sem hann ákveður.
- Kreppa í stjórnskipan: Engar hömlur eru á ákvörðun forseta, engar takmarkanir á fjármögnun kosningabaráttu fyrir þjóðaratkvæði eða ákvæði um lágmarkspáttöku kjósenda. Stjórnskipuleg staða Alþingis er í lausu lofti.
- Umsókn um aðild að ESB er gjörtapað mál. Trúlega er farsælast að stöðva ferlið með vinsamlegum hætti þegar á næstu vikum.
- Aðild Íslands að ESB verður ekki samþykkt hér án þess að Álandseyjaákvæði, Azoreyjaákvæði og Möltuákvæði verði afdráttarlaus í samningsfrum-

varpi. Líklega hefur utanríkisráðuneytið ekki skilning á þessu, þannig að málið er gjörtapað hvort eð er.

- Þreyta og vonbrigði forystumanna ríkisstjórnarinnar eru beinlínis átakanleg. Stjórnin er bæði helsærð og helsjúk. Hún getur ekki skilað starfi en hefur ekki burði til að hrökklast frá heldur.
- Leiðtogar beggja stjórnarflokkanna heyja enn hetjulega baráttu við ofurefli innan húss sem utan. Nú bíða félagar þeirra bara eftir því að foringjarnir rými sætin. Fram undan er forystukreppa í báðum stjórnarflokkunum.
- Forystuflokkur stjórnarandstöðunnar, Sjálfstæðismenn, þarf að fá nokkra mánuði til að ná áttum og verða fær um að taka stjórnarábyrgð. Ekki er alveg ljóst hvaða stefna verður ofan á þar, hvort núverandi foringja tekst að semja um frið eða hverjir aðrir hirða forystusætin.
- Gjáin milli núverandi stjórnarflokka og forystu Framsóknarflokksins hefur breikkað og dýpkað. Líklega eiga Framsóknarmenn nú aðeins kost á að

verða stöð við Sjálfstæðisflokkinn. Staða forystu Framsóknarmanna virðist mjög sterk innan flokks, en þó vekur furðu hve fáir virðast hafa tekið þátt í flokksþingi og kosningu formanns.

- Fram undan er þóf, tafir og streita í flestum þjóðmálum. Dómsmál um Icesave tekur nokkur ár og hvert ár kostar 30-40 milljarða króna til viðbótar við annað. Fram undan er endurmat og nýtt þóf um flesta viðskipta- og fjárfestingarkosti. Nokkra mánuði þarf til að endurmeta og endursemja um erlend lánamál.
- Óskynsamlegar skattabreytingar leggjast því ennþá þyngra á atvinnulífið og þar harðnar á dalnum. Áhrif á lánagreiðslur almennings, á atvinnuástand og laun fylgja þessu.
- Í grunni er íslenska þjóðfélagið sterkt, lýðræðið virkt og útflutningsgreinarnar öflugar. Veikleikar okkar Íslendinga eru sundrung, tortryggni, rógur og níð. Hér er allt í hnút. Nú þarf alþingiskosningar sem allra fyrst til að höggva á hnútin.

Að finna stéttarfélag

Stéttarfélag

Sveinn Ólafsson

stjórnarmaður í Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga



Margt hefur breyst á síðustu þremur árum og þar á meðal staða launþega. Allt er orðið harðrægara og verður það næstu árin. Stéttarfélag semja um lágmarkskjör stétta á vinnumarkaði. Milli 1995 og 2008 voru þetta viðmiðunarkjör sem sífellt færri bjuggu við. Eftir það eru þetta raunveruleg kjör æ fleiri.

Margt háskólamenntað fólk hefur verið skráð í almenn stéttarfélag, ýmist vegna þess að vinnuveitandi skráir flesta launþega sína í sama stéttarfélag eða vegna þess að fólk hefur valið sér félag vegna orlofskosta eða af öðrum ástæðum.

Háskólamenntuðu fólk er frjálst að ganga í sitt stéttarfélag innan BHM án tillits til þess hvar það vinnur. Þótt það vinni við störf sem krefjast ekki háskólamenntunar nýtur það sama stuðnings og réttinda og aðrir félagsmenn. Margir halda að félag innan BHM sé bundin við opinbera starfsmenn en það er öðru nær, félagsmenn þeirra vinna bæði á almennum markaði og innan opinbera geirans.

Eftir þær breytingar sem urðu 2008 er aukin áhersla á starfsmenntun, bæði af hendi vinnuveitanda og stéttarfélaga. Aðstæður hafa breyst mikið og það eru bæði hagsmunir launþega og vinnuveitanda að hafa vel menntað starfsfólk til þeirra starfa sem verða til á næstu árum, og vegna breytinga sem verða á núverandi störfum. Starfsmenntun háskólamenntaðra stéttarfélaga mun miðast við þarfir þeirra stétta og ekki annarra.

Flestir fagstéttir háskólamenntaðra eiga sér sitt félag innan BHM en eitt félag, Fræðagarður, hefur verið opið öllum háskólamenntuðum sem ekki eiga sér stað í öðrum félögum.

Fólki er frjálst að velja sitt stéttarfélag og miðast við reglur félaganna um inngönguskilyrði, sem að jafnaði eru háskólamenntun í viðkomandi fagi að aflokinni BA- eða BS-gráðu. Hægt er að skipta um stéttarfélag frá því þremur mánuðum áður en samningar losna og þar til samningar komast á að nýju. Samningar urðu almennt lausir 30. nóvember síðastliðinn og eru ekki komnir á að nýju. Allt háskólamenntað fólk ætti að skoða vandlega kosti þess að vera hluti af sínu stéttarfélagi. Allar nánari upplýsingar eru á vef BHM og vefjum viðkomandi stéttarfélaga.



Traust er forsenda góðs sambands. Það á jafnt við í hestamennsku og viðskiptum.

Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta

Hver einasti viðskiptavinur okkar er einstakur og þarfirnar geta verið ólíkar. Með þetta að leiðarljósi höfum við þróað lausir – sniðnar að þinni atvinnugrein. Hafðu samband og í sameiningu finnum við greiðslulausn sem hentar þínum rekstri.

Fyrirtækjalausnir Valitor | sími 525 2080 | www.valitor.is | fyrirt@valitor.is

Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.

Þjónusta

Íþrótt- og félagasamtök

Ríki- og sveitarfélög

Verslun

Fjórir kostir í gjaldeyrismálum

Efnahagsmál

Jón Steinsson

Milton Friedman-fræðimaður við Chicago-háskóla



Stjórnvöld virðast telja að við Íslendingar eigum einungis tvo kosti í gjaldeyrismálum: Króna á bak við gjaldeyrishöft eða evru eftir inngöngu í ESB. Ég er ekki að öllu leyti sammála þessu. Ég tel að við eigum fjóra kosti í gjaldeyrismálum.

1. Sterk króna

Það er ekkert náttúrulegt að íslenska krónan þurfi að vera veikur gjaldmiðill með himinháa vexti. Þýskaland sneri við blaðinu eftir einhverja mestu óðaverðbólgu allra tíma og fylkti sér á bak við sterkt mark. Svissneski frankinn er sterkur og stöðugur gjaldmiðill með lága vexti þrátt fyrir að Sviss sé lítið land.

Vandi okkar Íslendinga hefur verið að pólitískur vilji til þess að reka sterkan gjaldmiðil hefur aldrei verið fyrir hendi. Það hefur verið þjóðaríþrótt landsmanna að skammast í Seðlabankanum þegar hann hækkar vexti og reynir að halda aftur af eyðingu verðgildis krónunnar. Það er himinn og haf milli þeirra viðhorfa sem eru ríkjandi á Íslandi hvað varðar krónuna og þess

sem þarf til þess að hún geti verið sterkur gjaldmiðill með lága vexti og lága verðbólgu til lengri tíma. En viðhorf geta breyst.

Icesave-deilan setur reyndar strik í reikninginn eins og stendur. Það er líklegast ógerningur að reka sterkan sjálfstæðan gjaldmiðil á Íslandi þar til sú deila er leyst. En ef hún er leysist farsælega fyrir Ísland – stórt ef – er bjargfastur almennur pólitískur stuðningur við aðhaldssama peningamálastefnu það „eina“ sem þarf til viðbótar.

2. Króna á bak við lás og slá

Ef við höldum í krónuna en breytum ekki viðhorfum okkar til peningamála er líklega rétt að við þurfum á gjaldeyrishöftunum að halda í talsverðan tíma. Hvað er fengið með því að hafa gjaldeyrishöft? Það eru 450 ma.kr af erlendu fé sem er læst inni í landinu og getur ekkert annað gert en að fjármagna íslenska ríkið og íslensku bankana. Þar að auki er líklega talsvert af íslensku fé sem vill komast burt. Gjaldyrishöftin hjálpa okkur því að halda vöxtum lágum og fjármagna ríkissjóð.

Ef við lyftum gjaldeyrishöftunum án þess að sannfæra fjármagnseigendur (íslenska og erlenda) um að allt annar og meiri pólitískur stuðningur sé fyrir aðhaldssamri peningamálastefnu í framtíðinni, munu hundruð milljarða flýja land og einungis koma til baka ef þeir fá greidda himinháa vexti. Slíkt vaxta-

stig myndi drepa allt atvinnulíf á Íslandi. Eina ástæða þess að háir vextir drápu ekki allt kvikt á síðasta áratug var að bönkunum var leyft að horfa framhá þeim efnahagslega raunveruleika sem þeir lifðu við og lána út í eitt í loftbólverkefni.

3. ESB og svo evru

Frá sjónarhóli gjaldeyrismála er evra í gegnum ESB afskaplega góður kostur. Í raun afsölum við okkur forræði yfir peningamálum og flytjum þannig inn þann trúverðuleika sem Seðlabanki Evrópu fékk í arf frá Seðlabanka Þýskalands. Vitaskuld gefum við eftir sveigjanleika. En hann er dýru verði keyptur. Fyrir hann þyrftum við áfram að greiða í formi himinhárra vaxta nema að okkur takist að fylkja okkur pólitískt á bak við aðhaldssama peningamálastefnu.

Vandinn við þessa leið er að það hangir meira á ESB spýttunni en einungis evran. Í fyrsta langi þurfum við að ná góðum samningum varðandi auðlindir þjóðarinnar. Önnur stór spurning hefur með stefnu ESB þegar kemur að fjárhagsvandræðum aðildarríkja þess. Stefna sambandsins á síðustu misserum hefur verið að eigendur skuldabréfa banka og aðildarríkja sambandsins tapi aldrei eyri. Sambandið segist nú hafa markað aðra stefnu varðandi framtíðina. Þær yfirlýsingar verða hins vegar að teljast gjörsamlega ótrúverðugar.

Ef samtryggingar skuldabréfa-eigenda verður áfram stefna ESB er það verulegur ókostur við inngöngu í sambandið. Slík stefna leiðir af sér að þjóðir sem standa sig betur í fjármálum þurfa að greiða skuldir hinna. Og þrátt fyrir allt sem hefur gengið á síðustu ár er skuldastaða íslenska ríkisins betri en staða margra ríkja innan Evrópusambandsins.

4. Einhliða upptaka

Flestir „málsmetandi menn“ telja að einhliða upptaka alþjóðlegrar myntar sé ótækur kostur. Því er ég ósammála. Föllum í gegnum helstu mótbárurnar. Við myndum verða af myntsláttuhagnaði ef við réðumst í einhliða upptöku. En það er kostnaður upp á aðeins 1-2% af VLF eins árs. Framtíðarskipan peningamála er nægilega mikilvæg til þess að 1-2% af VLF eins árs á ekki að ríða baggamun.

Margir telja að einhliða upptaka leiði til þess að ríkið geti ekki lengur verið bakhjarl bankakerfisins í neyð. Því er ég ósammála. Hvort ríkið getur verið bakhjarl bankakerfisins í neyð snýst í grunninn um lánstraust ríkisins, ekki það hvort krónan er fyrir hendi. Áhlaupi á íslenska bankakerfið fylgir einn áhlaup á krónuna (ef hún er til). Svo tilvist krónunnar hjálpar lítið ef ríkið vill stemma stigu við slíku áhlaupi.

Það hjálpar að geta skellt á gjald-

eyrishöftum. Það gætum við ekki gert í venjulegum skilningi ef við köstuðum krónunni. Gott lánstraust ríkisins væri því enn mikilvægara en ella. En, það er ekki útilokað að íslensk stjórnvöld hefðu tók á því að loka tímabundið á greiðslur inn og út úr íslenska bankakerfinu þótt krónan væri ekki lengur til staðar. Slíkar tímabundnar lokanir gætu verið það tæki sem við hefðum til reiðu og notuðum ef til almennrar skelfingar (e. panic) kæmi.

Það er vitað að ESB lítur það mjög hornauga að ríki taki upp evru einhliða. En hvort það er meira í orði en á borði er erfitt að segja. Ef til vill væri hagstæðara frá pólitísku sjónarmiði að taka einhliða upp dönsku krónuna. Þar sem gengi dönsku krónunnar er fast við evru og vextir í Danmörku nánast þeir sömu og á evrusvæðinu hefur einhliða upptaka dönsku krónunnar nánast sömu kosti og einhliða upptaka evru. Annar kostur er Bandaríkjadalur. Hann er rótgróin og trúverðug alþjóðleg mynt og það er ólíklegt að stjórnvöld í Bandaríkjunum myndu bregðast illa við einhliða upptöku okkar Íslendinga.

Það væri fljótfærni að útiloka alla kosti í gjaldeyrismálum nema þá sem kalla annað hvort á gjaldeyrishöft eða inngöngu í Evrópusambandið. Bæði sterk króna og einhliða upptaka eru kostir sem við eigum að taka alvarlega.





63 MARCELLO LIPPI, fyrrverandi landsliðsþjálfari Ítalíu, er 63 ára. „Það ættu aldrei að vera neinar þrimadonnur í fótþolataliðum, allir eiga að hafa þá tilfinningu að þeir skipti öllu máli.“

Merkisatburðir

- 1471** Játvarður IV tekur við hásetinu í Englandi.
- 1700** Hvergi er messað á landinu þó páskaþingur sé vegna mikillar snjókomu á norðan. Veturinn er því kallaður páskaþingur.
- 1912** Mánaðarlöngu verkfalli kvenna í fiskverkun í Hafnarfirði lýkur með samningum. Þetta er fyrsta verkfall kvenna á Íslandi og jafnframt fyrsta skipulagða verkfallið.
- 1915** Flækingurinn með Charlie Chaplin frumsýnd.
- 1920** Sveinafélag járníðnaðarmanna stofnað en stuttu seinna er nafninu breytt í Félag járníðnaðarmanna.
- 1961** Bob Dylan kemur fyrst fram í Folk City í Greenwich Village í New Yorkborg.
- 1979** Idi Amin, einræðisherra í Úganda, steypt af stóli.

ÞETTA GERÐIST: 11. APRÍL 1865

Abraham Lincoln heldur síðustu ræðuna

Tveimur dögum eftir að her Suðurríkjamanna, undir stjórn Roberts E. Lee, gafst upp fyrir her Norðurríkjanna, sem stjórnað var af Ulysses S. Grant, í bandarísku borgarastyrjöldinni, safnaðist mannfjöldi saman fyrir framan Hvíta húsið í Washington, heimili Abrahams Lincoln forseta. Forsetinn kom út á svalir hússins, ávarpaði mannfjöldann, talaði um þá sigra sem unnist hefðu og þau vandamál sem eftir væri að glíma við. Hann talaði um kosningarétt fyrir svertingja sem sjálfsgöð mannréttindi og lauk máli sínu með því að segja að frekari fregna væri

að vænta af því máli og að hann myndi fljótlega flytja þjóðinni nánari fréttir. Í áhlýðendaskaranum var einn maður sem skildi fullkomlega hvað þessi skilaboð þýddu. John Wilkes Booth hafði um töluverða hrif lagt á ráðin um að myrða forsetann og þessi yfirlýsing um réttindi svartra sannfærði hann um að ekki væri eftir neinu að bíða. Premur dögum seinna, þann 14. apríl, skaut hann á Lincoln þegar hann var viðstaddur leiksyningu í Ford-leikhúsinu í Washington. Forsetinn lést af sárum sínum morguninn eftir.



Elsku besti pabbi minn, sonur okkar og bróðir,

Bogi Eymundsson

Vallarási 2, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 30. mars á Karolinska sjúkrahúsinu í Huddinge, Stokkhólmi. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.00.

Eymundur Þór Bogason
Eymundur Lúthersson
Sigurjón Kristinn Bergsson
Katrín Eymundsdóttir
Eymundur L. Eymundsson
Lára Eymundsdóttir
Eydis Elva Eymundsdóttir
frændsystkini og aðrir ástvinir.

Margrét Á. Halldórsdóttir
Hannes Trausti Skírnisson
Hörður Theódórsson



Okkar ástkæra

Dagbjörg Erna Guðjónsdóttir

lést 8. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 15.00. Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Krabbameinsdeildar Landspítalans.

Þorgerður Ernudóttir
Reynir Jónsson
Eyþór Reynisson
Guðrún Guðjónsdóttir
Gísli Guðjónsson
Reynir Guðjónsson
Stefán Sævar Guðjónsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir og afi,

Erling Þór Proppé

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 4. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram mánudaginn 11. apríl í Fossvogskirkju klukkan 11.00. Blóm vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á FAAS, Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga, www.alzheimer.is eða í síma 533 1088.

Fanney Proppé Eiríksdóttir
Anna María Proppé
Ástráður Þór Proppé
Erling Proppé Sturluson

Pormar Sigurjónsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



ENN Í SÓKN Kvenfélag Laugarnessóknar fagnaði 70 ára starfsafmæli í bleiku en félagið er elsta kvenfélag starfandi innan þjóðkirkjunnar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

KVENFÉLAG LAUGARNESSÓKNAR: FAGNAR 70 ÁRA STARFSAFMÆLI

BAKA HEILU KIRKJURNAR

Kvenfélag Laugarnessóknar varð 70 ára 6. apríl síðastliðinn og er elsta kvenfélag sem enn er starfandi innan þjóðkirkjunnar. Það er þó síður en svo að leggja niður störf og segir Margrét Guðnadóttir, nýkjörinn formaður, félagið í sókn.

„Mörg þessara félaga eru að lognast út af, því miður, en ekki hér í Laugarnessókn. Fyrir fimm árum voru nokkrar ungar konur fengnar til að mæta á fund hjá kvenfélaginu þegar það voru bara nokkrar eldri konur eftir. Það spurðist út og nú hefur orðið algjör kynslóðaskipting í félaginu. Þær elstu eru á aldrinum 80 ára og yfir, enginn á aldrinum 55 til 70 ára en svo eru fjölmargar á aldrinum 35 til fimmtugs,“ segir Margrét hlæjandi. Þrátt fyrir kynslóðabil segir hún konurnar ná vel saman.

„Þetta fer einstaklega vel saman. Þarna mætast ólíkir heimar en við eigum ótrúlega margt sameiginlegt. Við hittumst fyrsta mánudag í hverjum mánuði og það mæta á bilinu 30 til 50 konur á fundi.“

Starfsemi kvenfélagsins felst í fjáröflun til góðgerðarmála og rennur allur arður félagsins til kirkjunnar sem útteilir til þeirra sem á þurfa að halda. Margrét segir þær fara hefðbundnar leiðir að fjáröflun og standi reglulega fyrir kókubasar og hlutaveltum.

„Það eru svona hefðbundnar leiðir kvenfélaga til fjáröflunar og snúast mikið um bakstur, enda er oft grínast með að kvenfélög hafi bakað heilu kirkjurnar gegnum árin. En við reynum einnig að finna nýjar leiðir til fjáröflunar. Þó félagið sé orðið 70 ára erum

við samt enn að byggja okkur upp og þróa starfið.“

En gera konurnar eitthvað fyrir sjálfar sig?

„Já, já, stærsta starfsemin er auðvitað að eiga samveru með öllum þessum frábæru konum,“ segir Margrét allir um bakstur. „Við reynum að efla hver aðra og styrkja hverfið okkar því það verður sterkara ef við þekkjumst vel innbyrðis. Oft fáum við góða gesti á fundina og svo hlæjum við auðvitað saman yfir kaffibolla.“

Kvenfélagið hélt upp á afmælið síðasta sunnudag með kvenfélagsmessu og bauð upp á ekta kvenfélagskaffi á eftir. „Á mánudagskvöldið áttum við svo stund fyrir okkur þar sem við mætum allar í bleiku og skemmtum okkur með Sigríði Klingenberg.“ heida@frettabladid.is

Vega á móti mengun á Íslandi

Ferðaskrifstofan Ísafold Travel og dótturfyrirtækið Ísak ehf. hafa ákveðið að kolefnisjafna alla bíla í flota sínum fyrir árið 2011 í gegnum Kolvið. Um er að ræða 18 farartæki, enda býður Ísafold Travel sérsníðnar ferðir fyrir smærri hópa og Ísak leigir út breytta Land Rover Defender.

Kolviður er sjóður sem miðar að því að binda kolefni í gróðri og jarðvegi með skógrækt og draga þannig úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Með því vinnst líka uppgræðsla lands. Einstaklingar og fyrirtæki eiga kost á að leggja fé í sjóðinn til að vegna á móti útblástursmengun farartækja sinna.

Að sögn Jóns Baldurs Þorbjörnssonar, framkvæmdastjóra Ísafold Travel, virðast erlendir ferðamenn meðvitaðri um mengunarmál og umhverfismál almennt en við Íslendingar og vilja gjarnan leggja sitt af mörkum til kolefnisjöfnunar. „Við fögnum því,“ segir hann. „Tökum ábyrgð á koltvísýringslosun bíla okkar og styðjum Kolvið til góðra verka.“ -gun



SKRIFAÐ UNDIR Jón Baldur, framkvæmdastjóri Ísafold Travel, og Björgólfur Thorsteinsson, stjórnarmaður í Kolviði, undirrita samninginn. Auðbjörg Bergsveinsdóttir, fjármálastjóri Ísafold Travel, fylgist með.



Páskarnir eru fram undan og margir sem leggja upp úr fallegum páskaskreytingum. Á dönsku heimasíðu tímaritsins Bolig Liv, boligliv.dk, er að finna virkilega fallegar hugmyndir að páskaskreytingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Myndlistavörur í miklu úrvali



Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900 - www.jarngler.is

Hrafn Magnússon og Francisco Reveira setja nýtt grill á markað í sumar:



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TECE:

Ideal
STANDARD



Upphengt salerni með innbyggðum kassa



Tilboð
45.000

ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

Ævintýralegur munur

Þúsundþjalasmiðnum Hrafn Magnússyni fellur sjaldan verk úr hendi. Á sumrin starfar hann sem verktaki hjá Vegagerðinni og á veturna þegar vertíð lýkur gefst tími í helsta áhugamálið, smíði. Á liðnum mánuðum hafa ýmsar skemmtilegar hugmyndir lifnað við, þar á meðal grill sem Hrafn hyggst setja á markað með sumrinu.

„Þetta er ekta grill undir kræsingar sem fólk nennir að eyða púðri í,“ segir hann um gripinn, listilega smíðað snúningsgrill fyrir kol á fjórum fótum. Hugmyndin að því kviknaði fyrir síðustu jól.

„Vinur minn Francisco Reveira bað mig um að smíða handa sér

grill og útkoman var bara svo góð að okkur datt í hug að hefja framleiðslu,“ segir hann brattur. Félagarnir sátu ekki við orðin tóms heldur leigðu húsnæði í Dugguvogi þar sem þeir hafa smíðað í allan vetur. Markmið er að búa til 400 grill fyrir sumarið.

En er ekki tíma-



skekkja að hefja framleiðslu á kolagrillum?

Hrafn hristir höfðuðið. „Gasgrill eru góð út af fyrir sig en fátt jafnast þó á við matinn sem kemur af góðu kolagrilli. Munurinn á bragði er ævintýralegur, það vita þeir sem til þekkja.“

Grillið hefur hlotið portúgalska heitið Piri Piri með vísan í heimaland Franciscos en er þó að öllu leyti íslensk framleiðsla og verður fánlegt á völdum sölustöðum í sumar.

„Þetta hefur kennt mér að vera ekki að burðast með einhverja drauma, heldur láta bara verkin tala. Enda allt hægt ef löngunin er fyrir hendi,“ segir Hrafn glaður í bragði.

roald@frettabladid.is


Fermingartilboð

Gerid GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT
12 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



SAGA
Stærð Verð
120x200 109.900 kr.



IQ-CARE
Stærð Verð
120x200 164.900 kr.



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA
ADSL-, LÖSLEIÐARA- OG PRÁDLAUSAR TENGINGAR
DNS-, LÉN- OG VEPHÝSINGAR

Verð frá **998.- kr.**
HRINGDU NÚNA Í SÍMA: **525 2400**
WWW.VORTEX.IS

Kynntu þér 2 fyrir 1 stofntilboð okkar.

Hringiðan Internetþjónusta
Skúlagata 19, 101 Reykjavík
Sími: 525 2400
WWW.HRINGIDAN.IS

KRÓKUR



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>



HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



VOLVO S40 silverline. Árgærd 2000, ekinn 82 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990þ Einn eigandi Topp eintak. Rnr.153259.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is

LITLA bílasalan

www.litla.is 587 7777



Dodge Ram Rumble bee. Árgærd 2005, ekinn 68 þ.KM, 20" álfelgur, sjálfskiptur, ofl, ofl. Tilboð 2.090þ! Ásett verð í skiptum 2.490þ. Rnr.139994. Flottur pikki!

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



100bilar.is
Honda CIVIC SPORT 1,8 5D, 1/2008, ek.15þús.km, sjálfskiptur, 140hó, álfelgur, loftkæling, hiti í sætum, Flottur, sprækur og töff bíll, Ásett verð 2880þús.kr, bíllinn er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu vv pólo árg. '99 1,4 beinsk ek. 136 þús. sk. 2012 grá sans, spoilerkitt, toppluga lítið stýri. verð 290 þús. gsm 868 2352.



Gerðu felgunar eins og nýjar!

Níðsterk duftlökkun. Héðinsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



M. Benz '92. Mikið endurnýjaður, ný vetrar og sumardekk. V. 550 þús. S. 861 6642.



Mazda 6 2006, sjálfskiptur, ný nagladekk, ekinn 90.000, blár, verð 1.7. Skoða skipti á dýrari jeppling. S. 844 5626.



Trooper árg. 2000. 1150 þús. staðgreitt. Góður bíll sem ég hef átt síðan 2002. Beinskíftur með „óllu“ nema framlæsingu. Ekinn 191 þús. Ný skoðaður. 2 x 38" dekkjagangar á felgum. Skipti ATH. Uppl. í s. 858 1081 eða throstur@hbgrandi.is

GRÆN TILBOÐ
Nýjir bílar frá verksmiðju
Raunverð frá kr: **950.000,-**
Fáðu bakling á islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í elsneyti. Fáðu kynningarbakling á islandus.com og reiknaðu dæmið yfirlit enda. Grænar leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Bílar frá öllum helstu framleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000

Lygilega lág sölulaun :)
Verðbil
0-1.000.000 = 28.900 m/óllu!
567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLALAGNINGIR OG BÍLREPARATJÓNUSTA
Nyja.is • S. 567 2277

Nýr Subaru Forester 2,0 svartur til sölu og afh. strax. Bíllinn er ókeyrður Okm. Sjálfskiptur, 4WD,abs., álfelgur,stöðuleikakerfi ofl. Verð 4,8 mkr. skipti á ódýrari. Guðlaugur 896-0747.

Til sölu Toyota Corolla Hatchback XLI árg.'95, 5g, sk'11. Fallegur og góður. V. 250þ. Uppl. í s. 896 8568.

0-250 þús.



Ódýrir Impreza 120 þ.

Subaru impreza árg 95, 5 dyra, hátt og látt drif, krókur, ágætur bíll uppl: 8919847

Bílar óskast

Vantar bíl, 0-200 staðgr.
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbil. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Golf, Polo, Micra, Almera, Peugeot 206, Yaris eða Lancer ÓSKAST

Árg. 1998-2003 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772-5450.

Bílar óskast ekki eldri en árg.'98, greiðsla með viðskiptaneti. Skipti á Subaru árg.'98 vil fá dýrari bíl og greiði með viðskiptaneti. Uppl. í s. 693 0405 & 616 1170.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Mótorhjól

Bifhjóla Dagar
11-15. apríl
í verslun Kemi Tunguhálsi 10
Spennandi tilboð!
Skoðaðu www.kemi.is
kemi S: 544 5466

Kerrur



Humbaur kerrur burðargeta 620 kg. innanmál 205x110x30 cm. 13" dekk verð aðeins 150.000 kr.m.vsk. Fjölbreytt úrval af kerrum á staðnum. Viðgerða og varahlutaþjónusta. www.kerrusalan.is Lyngás 8, Garðabæ s. 517 7718

Bátar



Til sölu, b.3,52, d.1,54, l. 10,59. Bt 12,16. V. 12 millj. Uppl. í s. 581 1979 & 861 0096 & 698 7061.



Til sölu Bayliner capri 195 með 175 hö Suzuki fjörgengis vél árg. '08 lítið keyrð kraftmikil og skemmtilegt leiktæki skoða skipti á stærri bát verð 3,1 mil. Sími 892 5855.

Til sölu handfærarúllur elliða, 3 stk. V. 110 þús. Uppl. í s. 861 0096 og 698 7061. Útgerðarfélagið Brek.

Allt fyrir háprýst vökvakerfi. Slöngusmiði og viðgerðir. Vökvatæki ehf 561-2209

Bílaþjónusta



MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.IS og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgærdina S.8982832 eða mothers@mothers.is



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMURULÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚDUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is



Flytjum vinnuvélar og bifreiðar af öllum gerðum. VAKA SÍMI: 5676700

Hjólbarðar

295-80 R22,5
Til sölu 2 lítið slittin framdekk (sumar). MICHELIN 295-80 R22,5. Uppl. í s. 893 6989.

4 stk. 275/70 16" á 6 gata álf. á 30þ., 4 stk. 185/65 14" á Carina álf. á 25þ., 4 stk. 155R 13" á felgum á 15þ., 4 stk., 185/65 14" á Impreza felgum á 20þ., 2.stk 215/70 16" á 10þ., 2.stk. 195/75 16" á 15þ., S. 896 8568.

Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Hringbraut.is

Til sölu notaðir varahlutir í ýmsar teg bifreiða. Kaupum bíla til niðurrifs.

Erum þjónustuaðili fyrir Úrvinnslusjóð Opíð 8-17. Uppls.420-1200

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smíðjuvegi 11 sími 661 5270.

Varahlutir í primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94, '98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97. Vento '97. Lanos '99. Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Erum að rífa!

Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Trooper, Ford 250, Clío 00, Megan 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96, VW Polo 99, Ford Escape 01, Opel Corsa 98, Peugeot 306. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúð, Suðurlhella 10, Hfj.

Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg.is partatorg.is 565-6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Hreingerningar

Hreingerningapjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grísjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Gardar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Gardar best.

Alhliða
garðþjónusta
Garðþjónusta
Íslands ehf

Tökum að okkur alhliða garðavinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsunum, sláum og fleira.

Vönduð vinnubrögð!
Róbert S. 866 9767

Hreinin Gardar
TRJÁFELLINGAR OG STUBBATÆTING
www.hreiningardar.is
S.571-2000

SÓLPALLAR

Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu, erum búnir að vera í sólpallasmiði í 18 ár, erum snöggir og vöndum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 6979660, Ólafur www.betripallar.com

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössí 696 6676
www.hellulagnir.is

**Er sláttuvélin í stofunni?
Vantar þig bílskúr?**

Við seljum fyrir þig og finnum handa þér hentugri eign með bílskúr!

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Kíktu inn á www.landmark.is!

Þú hringir, við sjáum um rest **512 4900**

Vantar 3-4ra herb. íbúð í Háaleiti, Stóragerði, Álftamýri, Fossvogi, Safamýri og nágrenni fyrir ákveðna kaupendur.

**Upplýsingar veitir
Bárður Tryggvason í 896 5221**

Vantar fyrir ákveðna kaupendur 2-3ja herb. íbúðir í miðbænum 101 og vesturbænum 107.

Upplýsingar veitir Bárður í 896 5221 eða Ingófur í 896 5222



Ingófur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími: 588-4477.



Fjallalind 87 í Kópavogi er parhús með verönd og garði.


Vandað parhús í Kópavogi

Heimili fasteignasala hefur til sölu vandað parhús við Fjallalind 87 í Kópavogi. Opið hús verður í dag frá klukkan 17.30 til 18.

Mjög vandað parhús með fallegum garði. Húsið er á tveimur hæðum, skráð 188 fermetrar. Íbúðarrýmið er 163,8 fermetrar og bílskúrinn 24,5 fermetrar.

Nánari lýsing eignar: Neðri hæð. Komið er inn í flísalagða forstofu. Inn af forstofu er gott parketlagt gestaherbergi ásamt því að innangengt er í bílskúrinn. Hol parketlagt og gengið úr holinu inn í stofu, borðstofu og eldhús, sem eru samliggjandi. Úr borðstofunni er gengið út á verönd og þaðan út í garð. Á gólfum er parket. Kirsu-berjaviðarinnrétting í eldhúsi. Úr holi er stigi upp á efri hæð.

Þar er hjónaherbergi með fallegum fataskápum úr eik og tvö góð barnaherbergi. Því til viðbótar er stórt sjónvarpsherbergi. Á hæðinni er flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtu ásamt þvottahúsi með skápum og innréttingum. Úr sjónvarpsherbergi er gengið út á svalir. Á gólfum efri hæðar er parket. Húsið er nýlega málað að innan og nýleg gólfefni á neðri hæð og teppi á stiga.



heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
lögg. leigumiðlari

**Sími
530 6500**

Opið mán.-fös. frá kl. 9-17

Finnbogi Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar

**Vantar eignir
á söluskrá**



Fjallalind - Gott parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Nýleg málað og nýleg gólfefni á neðri hæð. 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofa og stofa og fallegur bakgarður. V. 50,0 m. Sölusýning í dag kl 17.30-18.00



Selbrekka - tvær íbúðir. Mikið endurnýjað 230 fm einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð. Nýlegar innréttingar og gólfefni, raf- og pipulagnir. Góður bakgarður, sólpallur með heitum potti. V. 55 m. Sölusýning í dag frá kl. 17:30-18:00



Álfabakki - Gott skrifstofuhúsnæði Fullinnréttað 290 fm á efstu hæð í lyftuhúsi. Innréttað sem móttaka 9 skrifstofur, starfsmannaðast kennslustofa og fyrirlestrarsalur. Til margra hluta nýtleigt!



Hlunnavogur - risibúð Falleg nokkuð endurnýjuð og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð með góðum svölum. Gott hús innarlega í botnlanga.



Rauðamýri - Raðhús. Fullbúið 210 fm raðhús með innbyggðum 27 fm bílskúr. Vönduð tæki innréttingar og gólfefni og verðið hagstætt. Áhv. 29,0 m.



Þórðarsveigur - Mikið útsýni. Falleg fullbúin 100 fm útsýnis íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Eigninni fylgir staði í bílskúli. Stórar vestur svalir og mikið útsýni yfir borgina og flóann. V. 24,0 m



Vesturberg - 2ja herbergja. Mikið endurbætt 55 fm íbúð á efstu hæð með miklu útsýni. Nýtt eldhús, baðherbergi og gólfefni. V. 14,5 m.



Tunguvegur - raðhús. Gott 110 fm raðhús á þremur hæðum. Þrjú svefnherbergi og bað á 2. hæð. Stofa og eldhús á 1.hæð og stór sólpallur. Þvottahús og geymsla í kjallara. Laust til afhendingar. V. 22,7 m.



Hátún - sérhæð Góð 110 fm miðhæð í þríbýlishúsi. Tvö - þrjú svefnherbergi og stórar stofur. Garður í góðri rækt, sólpallur. Gott hús, laus til afhendingar. V. 25,0 m



Framnesvegur - endaraðhús á 3 hæðum. Húsin voru fyrstu raðhúsin sem byggð voru í Reykjavík á sínum tíma og kölluð "bankahúsin". Húsin voru friðuð 2010. V. 32,0 m.




Ásakór - 2ja ásamt bílskúli. Mjög góð 63,7 fm 2ja herbergja íbúð á 1.hæð ásamt staði í bílskúli (1 og 1/2 staði) í Kópavoginum. Sér afgirt verönd í suður. V. 18,9 m.



Kvisthagi - 3ja í risi. Skemmtileg 3ja herbergja risibúð á þessum vinsæla stað í Vesturbænum. Almenn gott ástand á húsi og íbúð. V. 16,2 m.



Haukdælbraut - parhús. Nýtt 175 fm parhús á einni hæð með innbyggðum 35 fm bílskúr. Einstök staðsetning í jaðri byggðar við ósnerta náttúruna. Afhendist tilbúið til innréttinga og jafnvel fullbúið.



Kaldakinn - einbýli. Mjög fallegt 132,3 fm einbýlishús á einni hæð í Hafnarfirði. Fallegur garður með sólpöllum og geymsluskúr. Þrjú svefnherbergi. V. 38,7 m.

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Opið virka daga frá kl. 9-17



Ingólfur Gissurarson
s: 896-5222
Lögg.fast.Sali.

Bárdur Tryggvason
s: 896-5221
sölustjóri

Heiðar Friðjónsson
s: 693-3356
Lögg.fast.Sali.

Ellert Róbertsson
s: 893-4477
sölumaður

Erlendur Davíðsson
Löggiltur
fasteignasali.

Sigþór Bragason
s: 899-9787
Lögg.fast.Sali.

Jón Rafn Valdimarsson
s: 695-5520
Lögg.fast.Sali.

Margrét Sigurgeirsdóttir
s: 866-1515
skrifstofustjóri.

Pétur Jóhannsson Sölum.
Snæfellsbæ/nes
Sími:893-4718

Pórarinn Friðriksson Sölum.
Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali


Höfum ýmsar gerðir eigna á skrá. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

Opið hús Smárarími 106, Vandað einbýli.



Opið hús mánudag 11.04 frá kl. 16.30-17.30
Fallegt einbýli á einni hæð neðst í Smárrímanum. Stórar stofur og fjögur svefnherbergi. Vönduð gólfefni og innréttingar. Vel viðhaldin eign með góða staðsetningu.
V 54,9 m Upp. Sigþór 899 9787

Krókabyggð 1 Mosfellsb. - Opið hús



Opið hús í dag frá 16:30-17:30
Fallegt einbýli með tvöföldum bílskúr, alls 231 fm. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, eitt þeirra er sameinað úr tveimur herbergjum. Mikil skápláss í húsinu. Stór stofa og eldhús með fallegri innréttingu og góðum tækjum sem fylgja. Baðherbergi með gufu og útgengt á verönd með heitum potti. Fallegur og fjölskrúðugur garður, upphitað bílplan.
Lítið við í dag. V. 57 millj. Nánari uppl. Jón Rafn S: 695-5520

Reykjafold 3 - Opið hús



Opið hús í dag frá 16:30-18:00
200 fm vel skipulagt einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Fjögur svefnherbergi og möguleiki á að bæta við fimmta svefnherberginu gerist þess þörf. Frá stofu er útgengt á sólpall. Einnig er sjónvarpsherbergi. Stórt eldhús með góðum skápláss. Bílskúrin er 62 fm að stærð. V. 49,7 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

Álftanes - stórgl. einbýli - skipti mögul. á ód.eign.



Í einkasölu eitt glæsilega húsið á frábærum stað á Álftanesi. Fallegt er 240 fm og flott innréttað. 5 svefnherbergi. Parket. Skipti möguleg á ódýrari eign. Verðlaunagarður. Uppl. veitir Bárður 896-5221. Verð 60 millj.

Nýtt í vikunni



Falleg 2ja herb við Sóltún í Reykjavík
Höfum tekið í sölu fallga, 2ja herb. 79,2fm íbúð á 6-hæð með staði í lokuðu bílahúsi, við Sóltún í Reykjavík. Allar innréttingar og gólfefni mjög vandað. Nýlegt hús í góðu ástandi. Uppl. veitir Heiðar s:693-3356.



Vesturberg - endaíbúð.
Mjög góð vel skipulögð 101,6 fm íbúð á efstu hæð, parket og flísar á gólfum, stórar stofur og geymsla í kjallara. Vönduð gólfefni og flísar. Íbúð er laus fljótlega. Verð 19,5m. Nánari uppl. Ellert 893-4477



Bólstaðarhlíð 44 - laus strax.
Nýkomin í einkasölu ágæt 54 fm íbúð á 1.hæð. Baðherbergi m. glugga, dúkur á gólfum, upprunalegar innréttingar. Laus strax.
Verð 13,5 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.



Viðimelur - laus strax.
Nýkomin í einkasölu góð ca 43 fm íbúð í kj. í góðu húsi vestast á Viðimel. Nýtt eldhús, plastparket. Nýmálud. Laus strax.
Verð 10,9 millj. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

Stærri eignir



Glæsilegt einbýlishús í Garðabæ
Glæsilegt 227,8 fm vel staðsett einbýlishús við Tjarnarflet í Garðabæ. Húsið er töluvert endurnýjað og er í góðu ástandi. Garður í suður. Verð 69 millj. Möguleiki á skiptum á ódýrari eign. Allar frekari uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.



Vörðuberg - endahús.
Glæsilegt 170 fm endarahús á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Vandaðar innréttingar, heitur pottur í garði. Mjög vel skipulagt hús.
V. 39,9m. Nánari uppl. Ellert 893-4477



Heiðarsel - einbýli
Fallegt og vel skipulagt 193 fm einbýli ásamt bílskúr á barnvænnum stað í seljahverfi. 6 svefnherbergi. Stór hellulögð verönd mót suðri. Vel við haldið hús á einstökum stað. Verð 44,8 m. Uppl.veitir Bárður í 896-5221



Reynigrund - raðhús.
Í einkasölu 127 fm raðhús ásamt 26 fm bílskúr á frábærum stað í Fossvogsdalnum. 4 svefnherb. Uppl. veitir Bárður í 8965221.

4ra - 5 herb



Glæsileg 4ra herb. við Fellahvarf
Til sölu 120fm 4ra herb. íbúð á efstu hæð með glæsilegu útsýni yfir Elliðaavatn, í 5 íbúða fjölbýli. 3-svefnherb. með skápum, stórar stofur og geymsla í kjallara. Vönduð gólfefni og vel með farin íbúð. Verð 27,9 millj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.



4ra í Rímahverfi - skipti á sérþýli.
Vel skipulögð 118 fm íbúð á jarðhæð við Flötturima í Grafarvogi. 3-svefnherbergi, vönduð gólfefni, sér-verönd. Eigendur eru að leita að sérþýli í Grafarvogi. V.24,9 millj, Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356



Hördúkór - útsýni á Elliðaavatnið.
Glæsil. 116 fm íbúð á 6 hæð með glæsilegu útsýni yfir Elliðaavatnið. Parket. Vandaðar innréttingar. 2 lyftur. Uppl. veitir Bárður í 8965221. V. 26,9 m.



Ásendi - Sér bílastæði
Falleg 106 fm eign á 1. hæð í þrjúbýli, sérinnangangur. Stofa m. eikarparket á gólfu útgengt á suðursvalir. Eldhús m. fallegri ljósi innréttingu. Tvö rúmgóð barnaherbergi og hjónaherbergi m. stórum innfeldum fataskápum.
V. 26,5 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



Baugakór - 146 fm glæsilibúð
